# Niðurjöfnun útsvara 1901-1907

## Aðfnr. 1284 1/2, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Niðurjöfnunarnefndarskjöl

haustið 1902.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útsvarskærur 1902.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Kolbeinn Þorsteinsson skipstjóri | dags. | 2. des. | komið | 3. des. |
| 2. Bjarni Valdason | —„— | 7. — | —„— | 7. —„— |
| 3. Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður | —„— | 8. — | —„— | 8. —„— |
| 4. Árni Hannesson | —„— | 8 — | —„— | 11. —„— |
| 5. Brynjólfur H. Bjarnason | —„— | 11. — | —„— | 11. —„— |
| 6. Sæmundur Bjarnhéðinsson | —„— | 11. — | —„— | 11. —„— |
| 7. Jón Jónsson frá Torfastöðum | —„— | 11. — | —„— | 11. —„— |
| 8. Þorsteinn Gunnarsson | | ódagsett. | —„— | 11. —„— |
| 9. Bjarni Jónsson í Lágholti | —„— | 12. — | —„— | 12. —„— |
| 10. Sigurfinnur Árnason | —„— | 12. — | —„— | 13. —„— |
| 11. Hannes Þorsteinsson ritstjóri | —„— | 13. — | —„— | 13. —„— |
| 12. Flosi Sigurðsson trésmiður | —„— | 15. — | —„— | 16. —„— |
| 13. Bjarnhéðinn Jónsson | —„— | 19. — | —„— | 20. —„— |
| 14. Jens Lange | —„— | 22. — | —„— | 22. —„— |
| 15. Jóhannes Hjartarson | —„— | 27. — | —„— | 27. —„— |
| 16. Þorleifur Þorleifsson | —„— | 26. — | —„— | 29. —„— |
| 17. Hannes Thorarensen | —„— | 29 — | of seint —„— | 30. —„— |
| 18. P. Schreiber prestur | —„— | 30 — | of seint —„— | 31. —„— |
| 19. Steingrímur Jónsson | —„— | 29. — | of seint —„— | 1. jan. |
| 20. Friðrik Ólafsson | —„— | 27. — | —„— | 27. des. |
| 21. Magnús Þorsteinsson | —„— | 20. — | —„— | 23. —„— |

22. Albert Þórðarson bókhaldari óskaði að greiða útsvar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefnd

Reykjavíkur 9. jan. 1903.

Með því að nú eru komin svör frá þeim ritstjórunum, verð eg að biðja hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að koma saman á fund heima hjá mér (í Latínuskólanum) kl. 7 síðdegis á morgun (laugardag).

Pálmi Pálsson.

Ásgeir Sigurðsson
Gísli Jónsson, Nýlendu
Guðm. Guðmundsson, Vegamótum
Kristján Þorgrímsson
Jónas Jónasson, Steinsholti
Ólafur Ólafsson
Sigvaldi Bjarnason.
Hannes Hafliðason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með bréfi þessu leyfi jeg mér að biðja hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að koma á fund í bæjarþingstofunni **föstudaginn 2. janúar kl. 4 síðdegis** til að ræða um þær útsvarskærur, er mér hafa borist, og leggja úrskurð á þær.

Reykjavík 31. desember 1902.

Pálmi Pálsson

Ásgeir Sigurðsson sjeð
Gísli Jónsson í Nýlendu sjeð
Guðm. Guðmundsson í Vegamótum sjeð
Hannes Hafliðason sjeð
Jónas Jónsson í Steinsholti sjeð
Kristján Þorgrímsson sjeð
Ólafur Ólafsson prentari sjeð
Sigvaldi Bjarnason sjeð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

Nýrefnd 11. jan. 1903.

Hér skal, yður, herra bæjarfógeti, skýrt frá störfum niðurjöfnunarnefndarinnar ~~við~~ við álagning aukaútsvara til bæjarþarfa um árið 1903.

Nefndin lauk niðurjöfnunarstarfi sínu á lögboðnum tíma og er skráin yfir aukaútsvörin hafði legið frammi til sýnis almenningi um lögmælt skeið, bárust nefndinni kærur frá 21 gjaldþegni, ~~og kæra~~ persónulega þó getið, að 3 af þessum kærum kæmi eftir það, er lögboðinn frestur var útrunninn, en voru ræddar og úrskurðaðar engu að síður. ~~á fundi nefnd~~ Fundi hélt nefndin tvo til að ræða og úrskurða kærur manna, 9. og 10. þ.m. og var á þessi breyting gerð á skránni:

I. Bætt við nýjum gjaldanda:

Albert Þórðarsyni, bókhaldara kr. 20,00

II. Hækkað gjald:

Friðrik Ólafssonar, næturvarðar um 2,00

III. Lækkuð gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Bjarna Valdasonar | um 10,00 |
| 2. | Eyjólfs Þorkelssonar | " 5,00 |
| 3. | Árna Hannessonar skipstj. | " 5,00 |
| 4. | B. H. Bjarnasonar kaupm. | " 30,00 |
| 5. | Sæm. Bjarnhéðinssonar | " 20,00 |
| 6. | Jóns Jónssonar frá Torfastöðum Vesturg. 10. | " 4,00 |
| 7. | Þorst. Gunnarssonar f. lögregluþj. | " 4,00 |
| 8. | Bjarna Jónssonar, Lágholti | " 5,00 |
| 9. | Sigurfinns Árnasonar Bergstr. 10. | " 2,00 |
| 10. | Hannesar Þorsteinssonar | " 20,00 |
| 11. | Flosa Sigurðssonar . . . | " 2,00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Bjarnhéðins Jónssonar járnsm. | um | 3,00 |
| Jens Lange málara | " | 5,00 |
| Jóhannesar Hjartarsonar | " | 10,00 |
| Hannesar Thorarensens | " | 20,00 |
| Magnúsar Þorsteinssonar Litla Steinsholti | " | 4,00 |

IV. Kröfur þessara manna voru að engu leyti teknar til greina:

Kolbeins Þorsteinssonar, skipstjóra
Þorleifs Þorleifssonar, Stakkahlíð
J. Schreibers, prests í Landakoti
Steingríms Jónssonar, Sölfhól.

~~Um leið og vér leitum yðar þessi úrslit,~~ Þá endursendum vér yður, samkvæmt fyrirmælum yðar, þau skjöl öll ~~ásamt~~ fylgiskjölum, er ~~voru~~ með bréfum yðar frá 27. júní og 24. okt. þ. á.

Reikning yfir kostnað af niðurjöfnunarstarfinu munum vér senda yður innan skamms.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 27. d. júní mán. 1902.

Mott. 29/6. 02.

Til leiðbeiningar við aukaniðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjermeð tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að menn þeir er taldir eru hjer á eptir hafa fengið atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 24. oktober f. á.

I. Borgarabrjef:

1. Egill Eyjólfsson, skósmiður
2. Árni Jónsson, verzlunarmaður
3. Þorsteinn Einarsson, Hverfisgötu
4. Bjarni Jónsson, snikkari
5. Benedikt Stefánsson, skósmiður
6. Fröken Louise Zimsen
7. Helgi Zoëga, bókhaldari
8. Valdimar Ottesen, verzlunarmaður
9. Thorbj. Guldberg Muus
10. Einar Árnason, kaupm.
11. Fröken Halldóra Ólafsdóttir
12. Ludvík Hafliðason, verzlunarmaður
13. × Andrjes Bjarnason, söðlasmiður

II. Skipstjóraskýrteini:

1. Friðrik Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~2.~~ Jón Antonsson
~~3.~~ Oddur Guðmundsson
~~4.~~ Guðmundur Jónsson, Miðseli
~~5.~~ Pjetur M. Sigurðsson
~~6.~~ Ólafur Sigurðsson
~~7.~~ Kolbeinn Þorsteinsson
~~8.~~ Kristmundur Eysteinsson
~~9.~~ Eyvindur Eyvindsson
~~10.~~ Pjetur Bjarnason
~~11.~~ Erlindur Guðmundsson
~~12.~~ Jóhannes Einarsson
~~13.~~ Björn Helgason
~~14.~~ Runólfur Stefánsson
~~15.~~ Stefán Snorrason
~~16.~~ Sigurður Guðmundsson, Bakkastíg 3.

III. Sveinsbrjef:

~~1.~~ Ásbjörn Magnússon, trjesm.
~~2.~~ Guðm. J. Breiðfjörð, blikksm.
~~3.~~ Björn Jónsson, skósm.
~~4.~~ Ágúst Eiríksson, —"—
~~5.~~ Páll Guðmundsson, —"—
~~6.~~ Gunnar Friðriksson, —"—
~~7.~~ Jón Guðmundsson, skraddari (H. Andersen).
~~8.~~ Þorsteinn Magnússon, trjesm. (Sv. Eiríksson).
~~9.~~ Ólafur Kristinn Erlendsson, trjesm.
~~10.~~ Þórarinn Guðmundsson, söðlasm.
~~11.~~ Jón Þorsteinsson, söðlasm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~12.~~ Jón Tjeldsted, kladskeri (Reinh. Andersson).
~~13.~~ Jónas Jónasson, trjesm. (Sv. Eiríksson).
~~14.~~ Lýður Bjarnason, –"– (Bjarni Jónsson).
~~15.~~ Bjarni Jónsson, –"– sömul
~~16.~~ Torfi Jónsson, járnsm. (Eiríkur Bjarnason).
~~17.~~ Þorsteinn Hafliðason, skósm. (V. Kr. Jakobssyni).
~~18.~~ Árni Bjarnason, –"– (Bened. Stefánss.).
~~19.~~ Guðm. Gíslason, trjesm. (Steindór Jónsson).
~~20.~~ Guðm. Sigurðsson, –"– (Helgi Thordersen).
~~21.~~ Steinn Sigurðsson, kladskeri (Friðrik Eggertsson).
~~22.~~ Davíð Kristjánsson, trjesm. (Jón Sveinsson).
~~23.~~ Jóel Úlfsson, trjesm. (Hjörtur Hjartarson).
~~24.~~ Pjetur Þorvaldsson, –"– sömul.
~~25.~~ Guðjón Jónsson, málari. (Jens Lange).

## IV. Húsmennskuleyfi:

~~1.~~ Guðm. Einarsson, Kirkjuvelli Akranesi
~~2.~~ Halldór Guðmundsson, Þúfu Ölfusi
~~3.~~ Magnús Snorrason, Syðri-Sýrlæk
~~4.~~ Hákon Grímsson, Dísastöðum Flóa (flytur hingað í haust)
~~5.~~ Þorgerður Þorsteinsdóttir frá Brekku
~~6.~~ Jón Sigmundsson, Laugav. 43.
~~7.~~ Guðm. Guðmundsson, Móakoti í Ölfusi
~~8.~~ Bjarni Jónsson, Lágholti
~~9.~~ Gísli Jónsson, Laugav. 43.
~~10.~~ Þórður Árnason, Vesturg 40.
~~11.~~ Bjarni Hannesson, Hlíði Álptanesi
~~12.~~ Ásmundur Guðmundsson, Reynistað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~13.~~ Guðm. Runólfsson, Búð Þykkvabæ
~~14.~~ Vilhjálmur Hildibrandsson, Dísukoti Þykkvabæ
~~15.~~ Guðm. Árnason, Hákoti Þykkvabæ
~~16.~~ Þórður Ólafsson, Hávarðarkoti Þykkvabæ
~~17.~~ Eyjólfur Gíslason, Svíðholti Álptanesi
~~18.~~ Jóhannes Guðmundsson, Hverfisg. (hús M. Hróbjartss.)
~~19.~~ Guðm. Jónsson, Syðri-Kvíhólma, Rangárvs.
~~20.~~ Einar G. Einarsson, Eyrarbakka
~~21.~~ Ólafur Jónsson, Heimalandi í Flóa (frá hausti 1902).
~~22.~~ Guðjón Jónsson, Litlu-Háeyri
~~23.~~ Jónvig Jónsdóttir, Laugav. 27.
~~24.~~ Sigurður Gíslason, Skjaldarkoti
~~25.~~ Loptur Loptsson skipstj. Bollagörðum
~~26.~~ Guðjón Jónsson Þinghól Hvolhr. frá 1. oktober.
~~27.~~ Ólafur Guðmundsson, Grímslæk Ölfusi
~~28.~~ Gísli Hallsson frá Hvassahraunskoti
~~29.~~ Jón Jónsson, Uppsölum Villingaholtshr.
~~30.~~ Jón Gestsson frá Kalladarnesi
~~31.~~ Sigfús Vigfússon, Egilsstöðum Flóa
~~32.~~ Ólafur Þórarinsson, Laugav. 31.
~~33.~~ Þórður Þórðarson, — " — 45
~~34.~~ Guðjón Kristinn Jónasson, Móakoti Garðahverfi
~~35.~~ Þorbergur Björnsson, Austurkoti Vatnsleysuströnd.
~~36.~~ Sveinbjörn J. Einarsson, Valdastöðum Kjós
~~37.~~ Sveinn Einarsson, Sandvík Eyrarbakka
~~38.~~ Sesselja Ólafsdóttir, Barnaskól. Vatnsleysustr.
~~39.~~ Gísli Þorgilsson, Lindarg. 26.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~40.~~ Kristján Jónsson, Flankastöðum
~~41.~~ Guðm. Guðmundsson, Báruhaugseyri
~~42.~~ Sigurður Hildibrandsson, Áskoti
~~43.~~ Páll Guðmundsson, Hrólfsskála
~~44.~~ Guðrún Jónsdóttir, Herríðarhóli
45. Þorv. Bjarnason, Þorvaldseyri
~~46.~~ Jón Magnússon, Mjósundi í Garði
~~47.~~ Vigfús Árnason, Hvoli í Ölfusi
~~48.~~ Jón Jónsson, Keflavík
~~49.~~ Björn Björnsson, Hvammsdalskoti
~~50.~~ Magnús Stephensen, Viðey
~~51.~~ Jón Jóhánsson, Bráðræði Eyrarb.
~~52.~~ Sigurður Hallsson, Höskuldarkoti Njarðv.
~~53.~~ Guðm. Einarsson, Laugav. 27.
~~54.~~ Gísli Jónsson, Snússu
~~55.~~ Jóh. Þ. Guðmundsson, trjesm. frá Knararhöfn
~~56.~~ Valdimar Loptsson, Álafossi
~~57.~~ Snorri Ólafsson, sömul.
~~58.~~ Jóel Jónsson, Hryggjum í Mýrdal
~~59.~~ Vigdís Guðnadóttir, Reykjakoti
~~60.~~ Ólafur Eiríksson, Bergstaðastræti
~~61.~~ Eyjólfur Eyjólfsson, Nýjabæ Grímsstaðaholti
~~62.~~ Guðrún Jónsdóttir, Þingholtsstr. 1.
~~63.~~ Eyjólfur Teitsson, Háteig
~~64.~~ Sigríður Davíðsdóttir, Bókhlöðustíg 6.
~~65.~~ A. Ó. D. Thorlacius, búfræðingur
~~66.~~ Hannes Sigurðsson, Tungu Gaulverjab.hr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~67.~~ Erlendur Jónsson, Nýjabæ
~~68.~~ Kristján Jónsson, Laugav. 61.
~~69.~~ Nikulás Nikulásson (Árni leturgrafari umsækj.)

## V. Lausamennskuleyfi:

~~1.~~ Ragnheiður Jóhannesdóttir, Bergstaðastr. 41.
~~2.~~ Guðjón Bjarnason, Geysi
~~3.~~ Ólafur Rögnv. Rögnvaldsson hjá M. Þorfinnssyni
~~4.~~ Þuríður Egilsdóttir hjá Jóni Helgasyni Laugav. 45
~~5.~~ Guðm. Gíslason hjá Birni Gíslasyni Vesturg 21.
~~6~~ Jón Daníelsson hjá Stefáni Daníelssyni Vorhúsum
~~7.~~ Guðrún Ásmundsdóttir hjá Run. Runolfssyni Bakka
~~8.~~ Sigurður Grímsson hjá T. Þórðarsyni
~~9.~~ Þorgerður Guðlaugsdóttir hjá Guðna Símonarsyni
~~10.~~ Ragnheiður Rögnvaldsdóttir, Lindarg. 17.
~~11.~~ Guðrún Guðmundsdóttir hjá Magn. Stefánss. Lindarg.
~~12.~~ Sigríður Vigfúsdóttir hjá Sveini Jónssyni, Laugav. 61.
~~13.~~ Þorbjörg Sigurðardóttir hjá Magn. Hróbjartss. Hverfisg. 31
~~14.~~ Eiríkur Jónsson hjá Gísla Jónssyni, Laugav. 43.
~~15.~~ Sigríður Sigurðardóttir hjá Guðm. Ólafss., Vesturg 35.
~~16.~~ Kristín Vigfúsdóttir -"- Guðm. Þorsteinss. Sjávarb.
~~17.~~ Markús Þorgeirsson -"- Tómasi Gunnarssyni
~~18.~~ Hallgerður Snorradóttir -"- Ól. Th. Guðmundssyni
~~19.~~ Jóhannes Kristjánsson -"- Hinrik Gíslasyni
~~20.~~ Kristín Ingimundardóttir -"- Guðm. Eyjólfss., Bergst.str. 11.
~~21.~~ Jón Ólafsson hjá Magn. Hróbjartss. Hverfisg.
~~22.~~ Þorbjörg Ólafsdóttir, Brunnhúsum.
~~23.~~ Guðrún Árnadóttir hjá Eyjólfi Ófeigssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~24.~~ Rósa Jónsdóttir hjá G. Pjeturssyni stud. med.
~~25.~~ Þórður H. Þórðarson hjá Einari á Holtastöðum
~~26.~~ Ingibjörg Eiríksdóttir, Bergstaðastr. 11.
~~27.~~ Ólafur Þórðarson hjá Jóni Helgasyni frá Hjalla
~~28.~~ Steindór Egilsson hjá sama
~~29.~~ Katrín Jónsdóttir hjá Sig. Jónssyni bókbindara
~~30.~~ Jón Þóroddsson —"— Kristjáni Teitssyni, Bergstaðastr.
~~31.~~ Anna Bjarnadóttir —"— Franz Siemsen
~~32.~~ Nikulás Sigurðsson hjá Jónasi Jónass. Vg. 24.
~~33.~~ Oddur Halldórsson, Reynistað (vestra)
~~34.~~ Guðni Guðnason, Bráðræði.

Umsóknarbrjef frá þeim mönnum, er húsmennskuleyfi hafa fengið, fylgja hjer með til athugunar, og óskast þau endursend. —

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 23. d. október mán. 1902.

Til leiðbeiningar við niðurjöfnun á útsvörum til bæjarsjóðs, sem nú á fram að fara, vil jeg hjer með tjá hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að menn þeir, er taldir eru hjer á eptir, hafa fengið atvinnuleyfi í kaupstaðnum síðan 27. júní þ. á.

I. Borgarabrjef:

1. Leifur Theodór Þorleifsson
2. Andrew Johnson
3. Þorsteinn Jóhannesson trjesmiður
4. Guðmundur Sigurðsson klæðskeri
5. Eyjólfur Ófeigsson verzlunarmaður

II. Skipstjóraskírteini:

1. Eyjólfur Eyjólfsson
2. Sigurður Bjarnason
3. Lárus Bjarnason

III. Sveinsbrjef:

1. Guðmundur Jónsson trjesm. (hjá Guðm. Hallss.)
2. Gunnar H. Vigfússon skósm. (hjá Einari Jónssyni)
3. Stefán Björnsson trjesm. (hjá Sig. Árnasyni)
4. Björn Sigurðsson trjesm. (hjá Jóni Sveinssyni)
5. Sigurgeir Finnsson járnsm. (hjá Gísla Finnssyni)
6. Björn Sveinsson bókbindari (hjá Birni Jónss. ritstj.)
7. Guðmundur Guðmundsson trjesm. (hjá Guðm. Þórðarsyni)

IV. Lausamennskuleyfi:

1. María Jónsdóttir Laugavegi 61.
2. Kristín Þorvaldsdóttir hjá Sv. Árnasyni Barónsstig
3. Guðrún Jónsdóttir Bergsstaðastræti 21.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Stefán Runólfsson Bergsstaðastræti 41.
5. Ólöf Gunnarsdóttir

V. Húsmennskuleyfi:

× 1. Vilborg Sigurðardóttir Suðurgötu 10.
× 2. Daði Daðason frá Vatnshorni í Haukadal Dalasýslu
× 3. Ingimundur Hallgrímsson frá Króki
× 4. Þuríður Jónsdóttir frá Breiðabólsstöðum Álptanesi
× 5. Þórður Þorkelsson frá Höfða á Vatnsleysuströnd
× 6. Grímur Þórðarson frá Laufási í Reykjavík
× 7. Sigurður Guðmundsson Veghúsum
× 8. Magnús Magnússon frá Eskifirði.
× 9. Edilon Grímsson frá Patreksfirði
× 10. Sigurður Helgi Jónsson frá Kvíjavöllum
× 11. Einar Ólafsson Hólshúsum Höfnum
× 12. Þorbjörn Guðmundsson frá Skiphyl í Mýrasýslu
× 13. Jón Sigmundsson frá Engey.
× 14. Bjarni Sigurðsson Bala
× 15. Helga Proppe Hafnarfirði
× 16. Vilhjálmur Vigfússon frá Húsatóptum
× 17. Þorsteinn Sveinsson frá Fitjum á Miðnesi
× 18. Guðmundur Ólafur Pjetursson frá Garðhúsum
× 19. Sigurður Sigurðsson Bergsstaðastræti 32.
× 20. Guðjón Ívarsson Bergsstaðastræti 33.
× 21. Guðmundur Gíslason Oddgeirsbæ
× 22. Jóhann Þorsteinsson frá Litla-Ármóti í Flóa
× 23. Bjarni Jónsson frá Kúludalsá
× 24. Þorvaldur Ísleifur Sigurðsson Bergsstaðastræti 32.
× 25. Sigurður Sigurðsson Bergsstaðastræti 32.
× 26. Guðbrandur Samúel Guðbrandsson Reykjavík
× 27. Guðmundur Jónsson frá Hrafntóptum
× 28. Kristján Þórðarson Laugavegi 55.
× 29. Þorsteinn Þorbergsson frá Stóruvöllum Landmlr.
× 30. Bergur Jónsson Veghúsum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

† 31. Guðjón Guðnason Bergsstaðastræti 3.
✗ 32. Árni Hallgrímsson Laugavegi 47.
✗ 33. Finnbogi Finnsson Laugavegi 52.
✗ 34. Oddur Björnsson frá Gróttu
† 35. Sigmundur Rögnvaldsson Laugavegi 45.
✗ 36. Guðmundur Kristinn Eyjólfsson Bergsstaðastr. 11.
✗ 37. Sigurbjarni Guðnason Vesturgötu 21b
✗ 38. Anna Sigríður Stefánsdóttir frá Þingvöllum
✗ 39. Jón Guðnason Vatnsstíg 8.
✗ 40. Sigurgeir Jónsson frá Skarði í Gnúpverjahr.
41. Gísli Guðmundsson frá Hallanda í Árnessýslu

Halldór Daníelsson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 24. d október mán. 1902.

Meðfylgjandi erindi til niðurjöfnunarnefndarinnar leyfi jeg mjer að senda yður, herra adjunkt, sem fyrverandi skrifara nefndarinnar, og mælast til, að þjer vilduð kveðja nefndina á fund, til þess að hún kjósi formann sinn og taki til starfa við niðurjöfnun þá, sem á að fara fram í næsta mánuði.

Halldór Daníelsson

Til
herra adjunkts Pálma Pálssonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 24. d. október mán. 1902.

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs Reykjavíkur 1903, ber að jafna aukaútsvörum á bæjarbúa það ár að upphæð 38340 kr. 68 a. að viðbættum 5% – 10% eins og venjulegt er.

Jafnframt því að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd þetta, sendi jeg hjer með til afnota og leiðbeiningar við niðurjöfnunina skrá yfir þá menn, er fengið hafa atvinnu- eða aðsetursleyfi í kaupstaðnum síðan aukaniðurjöfnun var gjörð í júnímánuði þ. á., svo og umsóknarbrjef þeirra manna, er tómt-mennskuleyfi hafa fengið með fylgiskjölum, og bið jeg mjer endursend umsóknarskjölin, þegar niðurjöfnuninni er lokið.

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að bera mig upp við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd útaf auka-útsvari því, sem á mig hefir verið lagt, síðan jeg fluttist hingað til Reykjavíkur úr Hafnarfirði.

Árs-tekjur mínar eru: 1600 kr. í eptirlaun og svo 300 kr. fyrir ritstörf á skrifstofu amtmannsins, eða alls 1900 kr.

Ef jeg hefði þessar tekjur óskertar, þá mundi jeg alls ekki fást um þetta gjald, 30 krónur, sem lagt hefir verið á mig í ár. En jeg ímynda mjer, að hin háttvirta nefnd muni vera mjer samdóma um, að gjald þetta sje mikils til of hátt, ef hún tekur til greina þessa skýrslu mína, sem hún má trúa mjer til, að sje alveg rjett, en sem jeg hygg víst, að nefndinni hafi verið ókunnugt um:

Auk þess, sem jeg verð að borga árl. hátt gjald c. 280 kr. í lögskipað lífsábyrgðargjald, hvíla á mjer miklar skuldir, sem jeg er smámsaman að afborga. Þannig er jeg skuldugur um 1000 kr. (víxillán) í landsbankanum og svo ýmsum verzlunum um 1600 kr., eða samtals 2600 kr.

Jeg mundi ekki hafa borið mig upp við nefndina, ef mjer væri hægt, að borga það gjald, sem á mig hefir verið lagt, en með öðrum gjöldum, svo sem skólagjaldi c. 45 krónur, sje jeg mjer það með engu móti fært, og vona jeg, að hún

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

háttvirta nefnd líti svo á þetta, að hún taki þessa umkvörtun mína til greina

Reykjavík hinn 10. nóvbr. 1902

Virðingarfyllst

Franz Siemsen

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þóad ég megi teljast velefnadur madur sé
ég mér ómögulegt atvinnulausum med 8 manns
í heimili ad komast hér af sómasamlega nema
med því móti ad eignir mínar verdi ad meira eda
minna leiti eydslufé, svo mikid brestur á ad
tekjur af eignum nægi til allra þarfa, — ad med
töldum þeim 440 kr. eftirlaunum er ég á von á
ad fá. Þad mun vera álit margra, ad ég sé
svo stórauðugur ad eiga 70. 80 eda jafnvel
100.000 krónur, en þesskonar getgátur ná engri
átt, og ad byggja nokkud á þeim væri fjarstæda,
enda ómögulegt ad svo geti verid sé dæmt eftir
stödu minni og lífskringumstædum hingad til.
Ég leyfi mér ad benda hinni heidrudu nidur
jöfnunarnefnd hér í bænum á þetta og henni
til leidbeiningar þá hún leggur á mig aukaútsvar
skal ég geta þess, ad skattanefndin í Dalahreppi
sem hlaut ad þekkja efnahag minn nákvæmlega
gjördi mér sídastlidid ár 38 kr. í eignaskatt,
en aukaútsvar mitt sama ár — var 55 kr. hvorra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en efnaðasti bóndinn í hreppnum, sem tók
að sér þó meira en 15000 kr. enda hafði ég
þá allar tekjur af Selárdalsprestakalli og
nokkrar auka tekjur. Helstu eignir mínar
eru jarðir og jarðapartar í Vesturlandi hér
umbil 100 hundruð að f. m., nokkur þúsund
krónur í vöxtum og húseign hér í bænum, en
húsi þau er ég á á Akranesi held ég megi telja
að sé fremur til tjóns en hagnaðar.
Ég skulda landsbankanum rúmlega 12000 kr.
aðrar peningaskuldir mínar eru 6-7000 kr.
flutningur hingað og kaup á nauðsynlegum bús-
hlutum m. m. skerði nokkuð arðberandi fé
mitt, burtför úr búi mínu vestra seldist fyrir
lítið verð, öll innheimta á jarða afgjöldum
verður sökum fjarlægðar óvissari og kostnaðar
samari en áður, og loksi er eigi því að leyna
að svo oft hef ég hjálpað um peningalán eða
ábyrgð þar sem engin hjálpar von var annars, að
ég á nokkuð af fé mínu inni standandi hjá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öreigum eða í þrotabúum

Virðingarfyllst

Reykjavík 26 oktob. 1902

Lárus Benediktsson

uppgjafaprestur

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Sæmundur Bjarnhéðinsson
spítalalæknir.

6. jan. 1903

Kæruskjal yðar, dags. 11. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.

Skýringar þær, er þér berið fram, um efnahag yðar og aðrar ástæður, hefir nefndin ~~að~~ tekið til greina og ~~fund~~ úrskurðað, að nokkru leyti samkvæmt ósk yðar, að færa gjaldið niður um 20 kr., úr 150 kr. í 130 kr. og hefir þannig sýnt lit á að vinna yður bót „slysni" yðar undanfarin ár.

Þetta birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6.

Gjald 150 Kr.

Lækkað um 20 kr.

…r hann
nokkr-
t-

Á aukaútsvarslista Reykjavíkurbæjar fyrir árið 1903 sje jeg, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd bæjarins hefur lagt á mig 150 kr. þetta ár, hækkað útsvar mitt um 10 kr. frá því í fyrra.

Það var af slysni, að jeg kærði eigi útsvar mitt undanfarin ár, en eigi af því, að jeg áliti að útsvarið væri sanngjarnt eftir efnum og ástæðum mínum og samanborið við fjölda marga aðra gjaldendur bæjarins. Jeg mundi því hafa borið mig upp fyrir nefndinni í þetta skipti, þótt útsvar mitt hefði staðið í stað, og því fremur lít jeg ástæðu til þess sem nefndin hefur hækkað það.

Eins og nefndinni mun kunnugt hef jeg 2700 kr. í laun og ókeypis bústað í spítalanum eða alls um 3000 kr. Vegna kennsluskyldu minnar við læknaskólann, verð jeg að leigja mjer herbergi í bænum, sem kostar mig með upphitun um 140 kr. á ári. Af sömu ástæðu verð jeg og allt árið um kring að hafa hest fyrir ca. 110 kr. árlega. Árlega verð jeg og að borga í ekkjusjóð eða fyrir lífsábyrgð 288 kr. 40 aura. — Jeg skal geta þess að kona mín hætti sinni starfi við spítalann 30. apr.

Þegar jeg kom hingað til bæjarins var jeg stórskuldugur og hef jeg eigi losnað úr skuldunum enn. Nú sem stendur skulda jeg yfir 2000 kr. þar af 1500 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Landsbankanum, sem jeg get sýnt niðurjöfnunarnefnd-
inni vottorð um, ef hún óskar.

Af því jeg er eigi svo kunnugur efnum og ástæðum manna hjer í bæ, skal jeg nefna til samanburðar nokkra menn, sem jeg tek aðeins af handahófi úr útsvarslistanum, ekki af því, að jeg fari að halda því fram að útsvar þessara herra sje of lágt í samanburði við almenning, um það get jeg alls ekki sagt, en hitt veit jeg fyrir víst að mitt útsvar er frámunalega hátt í samanburði við þá.

Þessir gjaldendur, sem jeg ætla að minnast á, eru þeir Guðmundur læknir Magnússon, Knud ingeniör Zimsen og Pálmi adjunkt Pálsson.

Guðm. læknir Magnússon hefur engan skylduómaga, en að vísu 2 fósturbörn, hefur 2400 kr. í laun, en hefur afarmiklar aukatekjur. Þannig mun hann vera húslæknir hjá ca. 50 familíum, og ef hann er húslæknir hjá einhverjum af nefndarmönnunum, getur nefndin nokkuð áttast á hvað hann hefur miklar tekjur upp úr því. Fyrir operationir og konsultationspraxis mun hann og hafa allmiklar tekjur. Jeg hygg, að jeg hefði eigi betur ráð á að borga 80 kr. en hann 160 kr.

Knud Zimsen hefur sömu laun og jeg. Hann hefur allmiklar aukatekjur, svo að þær munu nema meiru en sem svarar húsaleigu. Annars eru ástæður okkar svipaðar. Hann hefur 80 kr. útsvar. Ekki sje jeg neina ástæðu til að láta mig hafa hærra útsvar en hann hefur.

Pálmi Pálsson hefur 2400 kr. sem adjunkt. Fyrir umsjón við skólann 200 kr, ókeypis húsnæði, og svo mun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann hafa 1000 kr. fyrir dýragæzlu, og ekki brúkar hann það því er jeg hygg allt það fje til þess. Hvort hann hefur nokkrar tekjur við landsbókasafnið veit jeg eigi, en formaður niðurjöfnunarnefndarinnar mun geta gefið upplýsingar um það. Auk þess á hann eignir t. a. m. hús. Útsvar hans er 85 kr. Sje jeg ekki ástæðu til, eptir því sem efnahagur hans mun vera, að jeg hafi hærra útsvar en hann, og það jafnvel þótt hann hafi einn ómaga. ——

Þótt jeg hafi eiginlega enga hugmynd um aukatekjur herra Guðm. hjeraðsl. Björnssonar, Vilh. tannlæknis Bernhöfts og Magnúsar dýralæknis Einarssonar, tel jeg víst að mitt útsvar sje langt of hátt í samanburði við þessa herra. Föstu tekjur Guðm. Björnssonar eru um 2000 kr. og aukatekjurnar munu vera svo miklar, að hann stendur miklu betur við að borga sínar 170 kr. en jeg mínar 150 kr. þrátt fyrir hans miklu ómegð. —

Þar sem jeg veit að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd í raun og veru vill fara eptir efnum og ástæðum manna, vonast jeg eptir að hún taki þessar bendingar til greina og lækki útsvar mitt þar eptir

Reykjavík 11. des. 1902

Virðingarfyllst

Sæm. Bjarnhjeðinsson
læknir

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Gjald 35 kr. Tekjur minnst 1200 kr. fullt svo gott atv. sem hinna
Standur.

Jeg undirritaður hefi yfirfarið niðurjöfnunar og gjaldskrá Reykjavíkurkaupstaðar í 74 tbl. Ísafoldar þ. á. og sjeð þar að mjer er ætlað að greiða 35 kr. í aukaútsvar næsta ár. Þar sem slíkum gjöldum á að jafna á menn eptir efnum og ástæðum, þá þykir mjer aukaútsvar mitt of hátt sett af niðurjöfnunarnefndinni í samanburði við það sem er hjá öðrum sem stunda sömu atvinnu og jeg, en hafa haft hana mikið lengur.

Jeg leyfi mjer þá að nefna til samanburðar nokkra skipstjóra svo sem Loft Loptsson sem á að greiða 35 kr. aukaútsvar. Hann hefur haft atvinnu sem skipstj. í mörg ár; sömuleiðis Jón Árnason sem á að greiða 30 kr. í aukaútsvar sem einnig hefur verið skipstjóri í mörg ár. Þá Þorstein Egilson og Björn Hallgrímsson sem eiga að gjalda 35 kr. aukaútsvar hvor og hafa þeir þó haft skipstjórn í nokkur ár.

En jeg hefi aðeins haft skipstjórn á hendi síðastliðinn útgjörðartíma og þó ekki að öllu leyti, því vorvertíðina var annar fyrir skipinu, svo skipstjóralaunin fyrir þann tíma gengu til hans, en ekki til mín.

Jeg vonast eptir að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd muni taka þessar upplýsingar til greina og ennfremur er það ósk mín að henni mætti þóknast færa aukaútsvar mitt niður.

Rvk. þ. 2 desember 1902.
Með virðingu
Kolbeinn Þorsteinsson skipstjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Kolbeinn Þorsteinsson
skipstjóri í Reykjavík.

Njr. 6. jan. 1903

Kæra yðar í bréfi, dags. 2. des. f.á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 35 kr., sem niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði ég fyrir nefndina á fundi hennar 2. þ.m., og er nefndin hafði íhugað alla málavöxtu úrskurðaði hún, að kæra yðar yrði eigi tekin til greina og að útsvarsupphæðin skyldi standa óbreytt.

Nefndin gat með engu móti verið yður samdóma um það, að svo mikið sé gerandi úr þeirri einu ástæðu til lækkunar, er þér nefnið, þeirri, að þér hafið eigi verið skipstjóri síðastliðna vorvertíð, því að það er kunnugt, að þér höfðuð engu að síður góða atvinnu þann tíma og tekjur yðar frá útgerðartímanum árið sem leið hafa að minsta kosti verið um 1200 kr. og atvinna yðar yfirleitt engu rýrari eða lakari en þeirra manna, er þér nefnið til samanburðar, og hagur yðar að öðru leyti heldur betri.

Þessi úrslit birti ég yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

Gjald 50 Kr. Tekjur c. 600 Kr. + 180 Kr. Eignir miklar

Lækkað um 10.

Það er leiðinlegt fyrir gjaldendur að vera neyddir til að kvarta yfir álögum til opinberra þarfa, hvort sem þeir eiga heima í sveit, þar sem hreppsnefnd leggur þau á, eða þeir eigi heima í Reykjavík, þar sem niðurjöfnunarnefnd gjörir það.

Vitanlega munu hreppsnefndir víðasthvar á landinu jafna niður útsvörum eptir beztu sannfæringu, og því kemur mjer ekki í hug að ætla að niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík vilji gjöra annað en það, sem hún hyggur rjettlátt, þegar um niðurjöfnun til bæjargjalda er að ræða, og jeg styrkist í þeirri ímyndun, af því mjer er kunnugt um hverjir skipa eða eiga sæti í hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík, því þeir eru allir valinkunnir menn.

Jeg er því nú neyddur til að kæra yfir 50 kr. útsvari mínu, því það er fjarstæða hvað það er hátt í samanburði við þá gjaldendur, er síðar skulu tilgreindir, þótt hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd kunni að hafa fundist það sanngjarnt þegar hún lagði það á. En það stafar af ókunnugleika hennar um hagi mína, og jeg efast um að hún hafi kynnt sjer þá nægilega; að minnsta kosti er ólíklegt að hún hafi leitað upplýsingar um þá hjá fátækranefndinni, en til hennar sótti jeg í sumar um leyfi til að flytja hingað, og gaf ýtarlegar upplýsingar um heimilisástæður mínar,

efnahag (lifandi fjenað), væntanlega atvinnu
n.l. að lifa af handafla mínum annaðhvort
sem sjómaður eða daglaunamaður við land-
vinnu.

Ástæður fyrir þessari kvörtun eða kæru
minni yfir áðurnefndu 50 kr. útsvari, eru fyrst
þær, að jeg þekki fjölda, marga gjaldendur hjer
í bænum, sem ekki er lagt á 30 kr. útsvar,
en sem hafa þó meiri efni, eins góða heim-
ilisástæður, og mikla betri atvinnu en jeg,
en jeg hirði ekki að nafngreina þá; en hins
vegar leyfi jeg mjer að eins að nafngreina 2
menn sem eru margfalt efnaðri en jeg;

1. herra Jón Árnason í Aberdeen, húseigandi
og stóreignamaður. Honum er gjört að greiða
að eins 70 kr. en mjer 50 kr. Ef tekið væri
hæfilegt tillit til efnahags okkar og gjaldþols,
þá nær útsvarsmunur okkar engri átt.
2. Síra Lárus Benidiktsson, er flutti
búferlum hingað í sumar á undan mjer.
Jeg þættist ríkur, ef jeg ætti að eins helming
af eignum hans á Akranesi, sem hann þó
ekki mun álíta mikils virði. Ennfremur hefir
hann eptirlaun, hefir keypt dýrt hús hjer í
bænum o.s.frv. Honum er ætlað að greiða
90 kr. en mjer eins og fyr er tekið fram 50 kr.
Eptir því ætti hann ekki að vera helmingi
eða tvisvar sinnum efnaðri en jeg!!

Jeg þykist ekki þurfa að taka frekar fram,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að útsvar mitt er langt of hátt í samanburði við þá 2 heiðursmenn, er jeg hefi til greint, og í samanburði við mjög marga aðra, sem jeg ekki hefi nefnt.

Krafa mín er sú, að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast að lækka útsvar mitt niður í 25 Kr. eða að minnsta kosti niður í 30 kr., þó jeg álíti það of hátt útsvar á mjer í samanburði við marga aðra. Hins vegar set jeg nefndinni í sjálfsvald, hvort hún vill hækka útsvör samanburðarmanna minna að sama skapi sem krafan um útsvarslækkun mína nemur, þó jeg álíti það rjettast, og enda að útsvör þeirra hækki að mun meira.

Fái jeg ekki hina umbeðnu lækkun á sveitarútsvari mínu, neyðist jeg til að skjóta máli þessu til úrskurðar bæjarstjórnarinnar.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 7. des. 1902

Bjarni Valdason

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bjarni Valdason
verzlunarm. í Reykjavík.

Rvík. 6. jan. 1903.

í samanburði við þá atvinnu, er þér hafið áður haft — og þá goldið miklu hærra útsvar —

Kæru yðar í bréfi, dags. 7. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 50 kr., sem niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar 2. þ. m. Er nefndin hafði vandlega íhugað alla málavöxtu, úrskurðaði hún, að aukaútsvar yðar skyldi fara niður um 10 kr., úr 50 kr. í 40 kr.; var það að álitum gert einkum fyrir þá sök, að atvinna yðar sjálfs árið sem leið sýnist, af þeim atvikum, sem nefndinni urðu síðar kunn, hafa verið fremur rýr, enda þótt eignir yðar megi teljast miklar og hagar góðir, þar sem þér eruð heilsuhraustur maður á bezta aldri og með litla ómegð, munið því síðar betur geta komið ár yðar fyrir borð, er þér eruð orðinn hér landvanur. Fyrir þessar sakir getur eigi komið til mála, að lækka útsvarið meira að sinni en gert er, enda hafið þér verið ólyginn í vali [illegible] yðar, því að það sýnir mikinn ókunnugleik og talsverða óbilgirni í þeirra garð.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3.  Gjald 80 Kr.
Lækkað um 5 Kr.

Í tilefni af því að jeg sje að niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur í haust hækkað aukaútsvar mitt um 15 Krónur, legg jeg mjer að rita þessar línur; mjer er óskiljanlegt á hverju nefndinni byggir þessa hækkun sem er meiri en hlutfallsleg við aðra sem sömu atvinnu reka, og hafa meiri vinnu krapt. og þar af leiðandi hljóta að hafa meiri tekjur en jeg, jeg vil skattlega skýra nefndinni frá atvinnu ástæðum mínum þar jeg hygg hana ekki nógu kunnuga þeim, jeg er einyrki og sje mjer ekki fært að halda mann til að vinna með mjer þar jeg hefi sjálfur ekki nóg að gjöra fyrir fjölgun á úrsmiðum og úraverslunum sem taka næstum alla úraverslun frá úrsmiðum, og vil jeg nefna helsta konkurantinn Stefán Runólfsson prentara sem býður fólki að panta úr og þesskonar vöru 50% ódýrari en vanalegt sje, flestir renna á þessa beitu þó varan sem hann útvegar sje jafnvel 100% verri en það sem úrsmiðir bjóða, jeg hygg óhætt mundi að leggja talsvert aukaútsvar á Stefán þennan þar hann mun ekki reka þessa verslun nema sjer til hagnaðar

Jeg vil leyfa mjer að minnast á nokkra gjaldendur sem mjer þykir oflítið útsvar hjá, og er það þá fyrst Kristján Ó. Þorgrímsson kaupm., sem er stór eigna maður, og hefur víst mjög góða atvinnu af skulda kaupum og innheimtu, jeg álít hann mætti borga í aukaútsvar minst 50 – 60 Krónur, jeg efa stórlega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad hann hafi meiri skalda afborganir af hús eign sinni en jeg hef af minu húsi, jeg verd ad borga árlega hátt á fjórda hundrad krónur afborganir og rentur af húseign minni, nefndinn getur fengid ad vita vissu sina um þetta hjá landfogeta.

Einnig vil jeg nefna Indrida Einarsson revisor hann hefur há laun og ofan í kaupid sagdur spekingur mikill í fjármálum hann er med 60 kr. útsvari jeg álít hann mætti borga 80-100 krónu auka útsvar

Svo kemur eigandi Hotel Islands hann mætti vel borga 1000 krónur í aukaútsvar, þar á þeim stad eyda svo margir fje sinu í vitleysu, sem nefndinni er svo miskunsöm vid ad leggja lítid eda ekkert á, sem jeg þá get ekki álit ad rjett sje þar þad virdist vera til ad hjálpa þeim til ad gjöra vitleysuna

Ad lokum bid jeg nefndina ad færa ástædur fyrir þessari 15 krónu hækkun á minu útsvari ~~og~~ og mun jeg ganga inná hana ef jeg sje ad hún er bygd á skynsamlegum rökum og sannsýni.

Reykjavik, 8. des: 1902

E Þorkelsson
úrsmidur

Til

Nidurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður
Reykjavík

6. jan. 1903.

Kæru yðar í bréfi, dags. 8. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, ~~að~~ upphæð 80 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar 2. þ. m. Þá er nefndin hafði vandlega íhugað alla málavöxtu og ástæður þær, er þér berið fram, til þess að sýna, ~~að~~ að útsvar yðar sé of hátt, úrskurðaði nefndin að færa gjaldið niður um 5 kr., úr 80 kr. í 75 kr. Nefndin getur fallist á, að atvinnutekjur yðar muni eigi svo miklar, að þær einar heimili svona hátt útsvar, en eignir yðar eru að allra dómi bæði miklar og staðgóðar og ~~heimili~~ efnahagur yðar því í besta lagi, sjálfsagt betri en allra annara hér í bæ, er samskonar atvinnu stunda, og þeim almannarómi hafið þér ekki borið við að hnekkja ~~með neinum skýrslum~~ í bréfi yðar með neinum skýrslum, sem bendi í aðra átt. Menn þeir, er þér berið yður saman við, eru sumpart bláfátækir barnamenn, sumpart menn, sem hafa meiri atvinnutekjur en þér, en mjög mikla fjölskyldu, eða stórfeldir atvinnurekendur, sem hafa meira umleikis og ef til vill meiri tekjur en allir hinir. Samanburður við þessa menn er því mjög hæpinn og sannar lítið, er um það atriði er að ræða, hvort ~~[illegible]~~ útsvarshækkunin sé „byggð á skynsamlegum rökum og sanngirni."

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar og með þeirri von, að þér

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjáið, að nefndinni hefir ekki gengið rangsleitni til að hækka útsvar yðar svo sem hún nú hefir gert.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Frágið 11/12. Gjald 45 Kr.
Lækkað um 5 Kr.

Jeg hefi sjeð á niðurjöfnunarskránni, sem liggur til sýnis á borgarasalnum, að mjer er ætlað að greiða 45 Krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs næstkomandi ár, sem reyndar er sama upphæð eins og í fyrra; en mjer þykir það of hátt í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur og stjettarbræður mína, og leyfi mjer því hjer með virðingarfyllst að fara þess á leyt við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún setji þetta gjald mitt hæfilega niður.-

Jeg skal geta þess að jeg að nafninu til er talinn eigandi að hálfu húsi; en hef sem ómaga, fram að færa 1 barn mitt og mjög heilsuveika tengdamóður mína. Til samanburðar vil jeg nefna t.d. Skipstjóra Jón Sigurðsson, sem er ómagalaus, og á ½ hús eins og jeg, en á hann er lagt 30 kr aukaútsvar. Hjalta Jónsson skipst. sem á part í skipi því, er hann stýrir, á hann eru lagðar 40 kr. Berg skipstjóra Jónsson, sem á 1 barn eins og jeg, og hefir nýlega bygt hús á Laugavegi; á hann eru lagðar 36 Krónur.

Þorsteinn Egilsson skipstjóra sem er einhleypur lausamaður; á hann eru lagðar 35 kr í aukaútsvar.- Samanburði við þessa menn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og marga aðra gjaldendur, finnst mjer hæfilegt
að aukaútsvar mitt verði látið vera 38 kr,
og leyfi mjer að æskja þess og vona að hin
háttvirta niðurjöfnunarnefnd setji þetta
umrædda gjald mitt niður í þá upp-
hæð, og hana vil jeg greiða með ánægju;
en hærra aukaútsvar finnst mjer eigi
sanngjarnt gagnvart framangreindum
stjettabræðrum mínum og mörgum öðrum
gjaldendum bæjarins.

Reykjavík, 8. desember 1902.

Virðingarfyllst.

Árni Hannesson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Árni Hannesson skipstjóri
Rvík

6. jan. 1903.

Kæru yðar í bréfi, dags. 8. des. f.á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 45 kr., sem niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar 2. þ. m. Með samanburði ~~tekna~~ áætlaðra tekna yðar, efnahags og ástæðna við ástæður þeirra gjaldanda, er þér nefnið og skýrið frá, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að sanngjarnt mundi vera að taka beiðni yðar að mestu leyti til greina og úrskurðaði því að færa gjaldið niður um 5 kr., úr 45 kr. í 40 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5.

Gjald 240 kr.

Lækkað um 30 kr.

Með því mjer finnst hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd hjer í bænum hafa lagt á mig ósanngjarnlega hátt aukaútsvar fyrir næsta ár í samanburði við það útsvör, sem nefndin hefur lagt á aðra borgara þessa bæjar, sem vitanlega hafa þó hærri árstekjur en eg, þá leyfi eg mjer hjer með að fara þess á leit við hina heiðruðu nefnd, að hún með tilliti til röksemda þeirra, er eg leyfi mjer að tilfæra hjer á eftir, lækki svo aukaútsvar mitt 240 kr fyrir næsta ár, að eg verði ekki látinn borga hærra útsvar 1908, heldur en það sem eg borgaði þetta yfirstandandi ár (180 kr.)

Nefndin hefur nú um mörg ár álitið það skyldu sína, árlega að hækka svo stórum aukaútsvar mitt, að mjer ekki getur dulizt, að nefndin hlýtur að álíta mig mikið ríkari en eg er og geri þaraðleiðandi árstekjur mínar fullum helmingi hærri, en það sem þær eru í raun og veru. Þess vegna álít eg það rjett, með fáum orðum, að reyna gera nefndinni það ljóst, að hún hefur gjörsamlega gripið slíka áætlun út úr lausu lofti.

Eins og nefndinni ætti að vera kunnugt, þá byrjaði eg verzlun hjer í bænum fyrir rúmum 6 árum og hef síðan að staðaldri rekið þessa verzlun með vaxandi árlegum tilkostnaði, án þess að umsetningin hafi aukizt að sama skapi. Upprunalegt stofnfje verzlunarinnar var að eins rúmar 1000 kr., sem þá var aleiga mín ásamt ca 500 kr hluta úr núverandi húseign minni, þetta er þá allt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ríkidæmið á 6 árum hag af verzluninni; en eins og hver heiðvirður maður, sem ber nokkurt skyn á verzlun hlýtur að geta sagt sjálfum sjer, þá geta einar 1000 kr. hjer í bæ ekki hafa verið svo mikið í verzlun hjer í Rvík., að nokkurt vit geti verið í því, að leggja á mig 240 kr. aukaútsvar fyrir næsta ár

Nefndin veit það líka mjög vel, að verzluninni hjer í bænum er ekki svo háttað, að maður sje orðinn stórauðugur maður eftir að eins 6 ár, slíkt hefur hin heiðraða nefnd bæði við þessa og undanfarandi niðurjöfnun, sem betur fer viðurkennt fyrir löngu, með þeim aukaútsvörum, sem nefndin að undanförnu og síðast nú hefur lagt á þá kaupmenn hjer í bænum, sem maður verður að álíta, að ekki sjeu síður efnum búnir en eg, að minnsta kosti þeir kaupmenn, sem verzlað hafa hjer meira en helmingi fleiri ár en eg, og vil eg þar sjerstaklega nefna Gunnar kaupm. Þorbjarnarson, mann, sem nefndin lætur að eins borga 100 kr. aukaútsvar, það þótt hann hafi verzlað hjer í bænum meira en helmingi lengur en eg. og sje einbirni ríkra foreldra. Gunnar kaupm. Einarsson lætur nefndin að eins greiða 115 kr. mann, sem verzlað hefur hjer 2–3 árum lengur en eg, og sem þessutan var álitinn mjög vel efnaður maður, þegar hann byrjaði. Þessi tvö dæmi ættu og að vera nægileg til þess, að ~~sýna~~ færa sönnur á það mál mitt, að nefndin hafi með útsvörum þessara manna viðurkennt það svo ljóslega í verkinu, sem verður, að mönnum sem byrja með lítið efni, sje ekki ætlandi, á 6 árum, að græða svo mikið á verzlun hjer í bænum, að þeir geti álitist, að greiða annað eins aukaútsvar (240 kr.) eins og nefndin þó hefur lagt á mig – án þess þó, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokkur sanngirni geti mælt með því, að mjer geti einum verið til þess trúandi, á sama atvinnuvegi og á sama tímabili, að græða meira en hálfu meira fje en áður, en það yrði eg þó að hafa gert, ef aukaútsvar mitt væri á nokkru viti byggt.

Til samanburðar á mínu útsvari og annara skal eg því næst leyfa mjer, að nefna hjer nokkra borgara, sem borga líkt útsvar og eg, þótt þó margir þeirra og jafnvel allir, hafi að miklum mun hærri árstekjur en eg.

Rektor lærðaskólans B. M. Olsen, sem hefur 3600 kr í árslaun auk leiglauss bústaðar lætur nefndin borga 20 kr. minna aukaútsvar en mig, Björn Ólafsson augnlæknir, sem er mjög vel efnaður maður borgar 50 kr. minna, bæjarfógetinn, sem mun hafa ca. 5–6000 kr. árstekjur borgar sama útsvar og eg, amtmann J. Havsteen með 6000 kr. árslaunum lætur nefndin <u>aðeins</u> borga 60 kr. hærra útsvar en mig, háyfir-dómara L. E. Sveinbjörnsson, sem hefur 5800 kr. árslaun, lætur nefndin borga 20 kr. minna en síðastliðið ár!, eða <u>að</u>eins 20 kr. hærra aukaútsvar en mig.

Aukaútsvör þessara manna vona eg að beri þess ljósan vott, að aukaútsvar mitt fyrir 1903 Kr 240. sje ósanngjarnlega hátt og á litlum rökum byggt með tilliti til þess, sem tekið hefur verið fram hjer að framan og útsvörum þeirra manna, sem eg hef leyft mjer að taka mjer hjer til samanburðar.

Þar af leiðandi leyfi eg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að hún lækki aukaútsvar mitt fyrir 1903 svo mikið frá því sem nú er, að útsvar mitt fyrir næsta ár, verði ekki látið vera hærra, en það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem og borgaði yfirstandandi ár, sem eru 180 kr., því það útsvar álít eg vera meira en nóg í samanburði við aðra

Virðingarfyllst

Reykjavík 11 desember 1902

[illegible]

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra B. H. Bjarnason kaupm.
Reykjavík.

6. jan. 1903.

Skjal það, dags. 11. des. f. á., er þér senduð niðurjöfnunarnefndinni með kæru yfir því aukaútsvari til bæjarþarfa, að upphæð 240 kr., sem nefndin í nóvemberm. f. á. gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á nefndarfundi 2. þ. m.

Enda þótt þér bendið á mjög fá atriði til stuðnings niðurfærslu á gjaldinu, er mark sé á takandi, og látið enga skýrslu eða staðhæfing í té um atvinnutekjur yðar sjálfs, — en það hefði yður átt að vera jafnljúft sem það var skylt —, þá hefir þó nefndin, sem vill vera sanngjörn í kröfum sínum við yður jafnt sem aðra ~~sam~~ gjaldendur, fallist á að taka kröfu yðar að nokkru leyti til greina og úrskurðað, að lækka gjaldið um 30 kr., úr 240 kr. í 210 kr., en vill um leið vísa á bug þeim misskilningi, er kemur fram í ~~bréfi~~ skjali yðar, að nefndin fari aðallega eftir því, hve lengi menn hafa stundað þessa eða hina atvinnuna, því að sú meinloka getur valdið rammskökkum dómi um gerðir nefndarinnar, enda þurfið þér ekki annað en líta ögn betur í kringum yður til að sjá, að þetta hugboð yðar er alveg gripið úr lausu lofti.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7./ Gjald 16 Kr.
Lækkað um 4 Kr.

Á niðurjöfnunarskránni yfir aukaútsvör Reykjavíkurbúa næstkomandi ár, sje jeg að mjer er ætlað að greiða 16 krónur í aukaútsvar til bæjarsjóðs. Þetta gjald þykir mjer ofhátt sett í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur, sem hafa eins góð og sumir betri efni og ástæður en jeg, og hafa þólegra aukaútsvar. Jeg á engar verulegar eignir, og er fremur efnalítill, og hefi eigi annað við að styðjast, mjer og mínum til lífsframfæris, en þá almennu landvinnu, sem jeg get fengið. Því vegna heilsu ástands míns má jeg ekki nje get stundað sjómensku, og er því vinnuarður minn talsvert rýrari en margra þeirra manna, er sjómensku stunda. Jeg er giftur, og eigum við hjón 1 barn á 1 ári, en kona mín er svo heilsulin, að hún má ekkert áreynsluverk á sig leggja. Til samanburðar skal jeg leyfa mjer að nefna Jón Jónsson sem á niðurjöfnunarskránni er talinn í Vesturgötu 28, og talinn lausamaður, en er giftur og á nú heima

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Norðurbæ í Hlíðarhúsum. Á þennan mann hefir niðurjöfnunarnefndin lagt 10 krónur aukaútsvar; álít jeg það vera mjög sanngjarnt, en efni hans og ástæður eru mjög áþekkar mínum; hann á heilsubilaða konu og 1 barn, á engar verulegar eignir og hefir ekki við annað að styðjast en vinnu sína á landi. Álít jeg sanngjarnt að jeg væri látinn greiða sama aukaútsvar og hann og margir fleiri sem eru á líku reki, t.d. Sveinbjörn Erlendsson frá Ormsstöðum, sem einnig á að greiða 10 krónur, en hefur mjer mjög áþekkar ástæður og efni; á konu og 1 barn.

Svo skal jeg leyfa mjer einnig að nefna tvo aðra gjaldendur sem eru miklu efnaðri en jeg og áður nefndir menn, en er þó á niðurjöfnunarskr- ekki ætlað að greiða meira en 10 krónur í aukaútsvar. Annar þeirra er Guðjón Björnsson, verzlunarþjónn hjá Birni Kristjánssyni kaupm. hjer. Hann á bæ með góðri lóð og hefir stöðuga atvinnu hjá skilvísum manni. Hinn er Oddur Helgason í Norðurbæ í Hlíðarhúsum. Hann á bæ þann sem hann býr í og fylgir honum góð lóð með görðum og verkunarplássi. Sanngjarnt finnst mjer að þessir tveir menn, hvor um sig ætti að greiða aukaútsvars-upphæð þá, sem á mig hefur verið lögð nú, en jeg aftur á móti ekki hærra gjald en á þá hefur verið lagt.

Útaf þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún setji hið um rædda 16 krónu aukaútsvar mitt niður í 10 krónur. Við það vil eg una, en hærra gjald finnst mjer eftir efnum mínum og ástæðum og í samanburði við aðra gjaldendur, ekki vera sanngjarnt.

Vesturgötu 10 í Reykjavík 11/12 1902

Virðingarfyllst

Jón Jónsson

frá Torfastöðum í Grafningi.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jón Jónsson frá Torfastöðum
Vesturgötu 10.

6. jan. 1903

Kæru yðar í bréfi, dags. 11. des. f. á., yfir aukaútsvari yðar til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin hafði lagt á yður í síðastl. nóvembermán., lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.

Samkvæmt þeim skýrslum, er þér greinið í bréfi yðar, um efnahag yðar og aðrar ástæður og nefndinni var áður að sumu leyti ókunnugt um, hefir hún talið eigi fjarri sanni að taka kröfu yðar yfirleitt til greina og úrskurðað að færa gjaldið niður um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr.

Þetta birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8./ Gjald 20 Kr. (áður 20 Kr.) Meðt. 10/12 1902.
Lækkað um 4 Kr.

Þar eð mér finnst mér vera gjört
mjög mikið of hátt aukaútsvar þetta
ár, þar sem hinni háttvirtu niður-
jöfnunarnefnd hefur þóknast að leggja
á mig 20 Kr. gjald. sem jeg ekki þekki
á hvaða tekjur eður atvinnugrein
svo hátt gjald er á mig lagt. þar sem
jeg er mjög heilsubilaður maður og
þar af leiðandi atvinnulaus,
þá lítur svo út, að þetta 20 Kr útsvar
sem mér er gjört að greiða sje lagt á
nafnið húseigandi en ekkert tillit
tekið til ástæða og efnahags míns.
út af þessum áðurgreindu ástæðum
mínum vona jeg að hin háttvirta
niðurjöfnunarnefnd fallist á að fella
margnefnt gjald úr 20 K niður í 12 Kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og má það teljast fullhátt útsvar
gjald á mig eftir efnum og ástæðum
mínum að dæma.

Með virðingu
Þorsteinn Gunnarsson
(fyrv. lögregluþj.)

Til

Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorst. Gunnarsson f. lögregluþjónn
Reykjavík.

Njn. 6. jan. 1903

Kæru yðar í ~~bréfi~~ ódagsettu bréfi, er mér barst 11. f. m., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.

Nefndin kannast við, að atvinnutekjur yðar muni vera fremur rýrar af þeirri ~~[illegible]~~ sök sérstaklega, er þér nefnið í bréfi yðar, enda þótt ástæður yðar að öðru leyti megi megi teljast viðunanlegar, og þar sem nefndinni nú er kunnugt, þótt þér getið þess ekki í bréfi yðar, að eftirlaun yðar hafa verið lækkuð að mun, þá hefir nefndin úrskurðað að færa gjaldið niður um 4 kr., úr 20 kr. í 16 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9./ Gjald 25 Kr.
Lækkað um 5 Kr.

Eins og sjest á niðurjöfnunarskránni, hefir hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hækkað aukaútsvar mitt fyrir yfirstandandi ár um 7 krónur, eða fært það frá 18 krónum, sem það var í fyrra, upp í 25 krónur. Þessi gjaldhækkun, sem mjer alls eigi þykir vera sanngjörn, ímynda jeg mjer að stafi af því, að nefndinni hafi verið ókunnugt um hagi mína; hafi haldið að jeg væri ómagalaus, en eigi vitað að jeg á farlama móður á áttræðisaldri suður á Vatnsleysuströnd, sem jeg árlega verð að borga með 60 króna meðlag í peningum.

Með tilliti til þessa meðlagsgjalds leyfi jeg mjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu niðurjöfnunarnefnd, að hún felli þessa aukaútsvarshækkun mína algjörlega niður, og láti aukaútsvar mitt næstkomandi ár vera 18 krónur, eins og það var í fyrra. Leyfi jeg mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vænta að hin háttvirta niðurjöfn-
unarnefnd áliti þessa ósk mína
sanngjarna, og að aukaútsvar mitt
verði á þennan hátt hæfilegt
í samanburði við marga aðra gjaldendur
á mínu reki.

Lágholti í Reykjavík, 12/12. 1902.
Virðingarfyllst.
Bjarni Jónsson.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bjarni Jónsson
Lágholti

Rvík 6. jan. 1903.

Kvörtun yðar í bréfi, dags. 12. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.

Sökum þess, að nefndinni var ókunnugt um þann sérstaka þunga, er þér berið af framfærslu móður yðar í annari sveit, þá hafði hún hækkað gjald yðar upp í 25 kr., en með tilliti til þessa þunga úrskurðaði nefndin nú að færa gjaldið niður um 5 kr., úr 25 kr. í 20 kr.

Þetta birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Gjald 18 Kr.
Lækkað 2 Kr.

Jeg hefi sjeð á niðurjöfnunarskránni að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefir hækkað aukaútsvar mitt fyrir næstkomandi ár upp í 18 krónur frá 14 krónum, sem það hefir verið undanfarin ár, sem jeg hefi álitið vera sanngjarna upphæð. En þessi hækkun útsvarsins finnst mjer eigi sanngjörn í samanburði við fjölda annara gjaldenda, sjerstaklega vegna þess, að jeg — sem eigi hefi aðra atvinnu við að styðjast en almenna erfiðisvinnu, og á 1 barn á ómagaaldri, og mjög heilsuveika konu, er sökum veikinda opt ekki getur á fótum verið — sjálfur einnig í síðastliðnum ágústmánuði lagðist veikur og gat alls ekkert unnið í heilan mánuð, og var það tilfinnanlegur atvinnuhnekkir fyrir mig um bezta bjargræðistímann. Ef hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefði vitað þetta eða íhugað það, hygg jeg að hún hefði álitið það eitt vera nóga ástæðu til þess að gjald mitt <u>ekki</u> yrði hækkað fyrir næsta ár; og jeg leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að biðja hina háttvirtu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefnd að taka þessi veikindi mín til greina, og setja hið umrædda aukaútsvar mitt fyrir næstkomandi ár niður í 14 krónur, eins og það hefir verið að undanförnu.

Bergstaðastræti 10. í Reykjavík, 12. des. 1902

Virðingarfyllst.

Sigurfinnur Árnason.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar

í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Sigurfinnur Árnason
Bergstaðastr. 10.

6. jan. 1903.

Kæru yðar í bréfi, dags. 12. des. f. á., yfir aukaútsvari því, að upphæð 18 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða til bæjarþarfa um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m. og er nefndin hafði vandlega íhugað málavöxtu, úrskurðaði hún, sérstaklega vegna veikinda yðar í sumar, að færa gjaldið niður um 2 kr., úr 18 kr. í 16 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11.

Gjald 170 kr.

Lækkað um 20 kr.

Reykjavík 13. desember 1902

Ójöfnuður niðurjöfnunarnefndarinnar við aukaútsvarsálag á mig nú í haust, knýr mig til að krefjast þess, að hún lækki þetta útsvar, er hún hefur sett svo óskiljanlega hátt, eflaust af vanþekkingu en ekki af vísvitandi ósanngirni eða rangsleitni, því að það vil eg alls ekki ætla henni, enda þótt mér virðist, að henni hafi verið æði mislagðar hendur við niðurjöfnun þessa, er á að vera gerð „eptir efnum og ástæðum“. Það getur vel verið, að einhver sé sá í þessari heiðruðu nefnd, sem sér ofsjónum yfir því, að prentsmiðja mín, sem nefndin kallar „Glasgow-prentsmiðju“ (!) hefur nokkurn skapaðan hlut að gera, en sá eða þeir, sem þykjast því svo vel kunnugir, að eg hafi mjög ódýran vinnukrapt og töluverðan ágóða af prentsmiðjunni, ættu þá jafnframt að vera svo sanngjarnir að leggja hlutfallslega rétt gjald á svipaða atvinnu hjá öðrum, sem annaðhvort hafa allt að þrefalt meiri „umsetningu“ en eg t.d. eins og Félagsprentsmiðjan, eða 5-6 falt meiri eins og t.d. Ísafoldarprentsmiðja. Þetta er mér vel kunnugt um. Öll vinna hjá mér á ári í prentsmiðjunni er ekki eins mikil og þingtíðinda- og þingskjalaprentunin ein hjá Birni Jónssyni, og það frá aukaþinginu, hvað þá heldur þegar aðalþing er. En til þess tekur hin heiðraða nefnd ekkert tillit. Þótt stundum sé svo mikið að gera í Ísafoldarprentsmiðju utan þingtímans, að þar verður að prenta dag og nótt, þá virðist svo sem nefndin álíti, að B. J. hafi ekkert upp úr svo mikilli vinnu, standi sig því ver, sem hann hefur meira

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að gera. Byggir nefndin ef til vill, að hann fái ekki inneinna borgaða? En hvernig sem skoðun nefndarinnar er í því efni, þá er svo mikið víst, að ef hún telur sanngjarnt og réttlátt, að eg borgi í aukaútsvar 170 kr., en Björn Jónsson aðeins 250 kr., þá verð eg að segja, að hún hafi ekki skynsemina í heilanum eða augun í höfðinu, heldur á einhverjum öðrum stað, svo að henni sé fyrirmunað að skilja rétt og órétt.

Björn Jónsson hefur ekki aðeins gróðavænlega prentsmiðju, sem sakar að sér þóknunum fyrir þingtíðindaprentun og alla prentun fyrir hið opinbera, sem hann hefur einkarétt á m.fl., heldur einnig stórt blað með einkarétti til stjórnarvalda auglýsinga, bókasölu, íslenskra og útlendra, stórt forlag mjög ábatasamt (sálmabækur, barnalærdómsbækur, kennslubækur o.s.frv.), bókbandsverkstofu, pappírssölu mikla o.m.fl. Þessi margháttaða fénýting er í augum nefndarinnar litlu meira virði, en sú atvinna, sem eg á að hafa af dálitlu prentsmiðjukríli aðallega til að prenta mitt eigið blað í, blað, sem engin einkaréttindi hefur á neinn hátt, blað sem út af fyrir sig getur ekki borgað sig neitt svipað því sem „Ísafold" eins gerir, þótt kaupendatala væri nokkuð lík. Það liggur hverjum heilvita manni í augum uppi, að það er ekkert vit í því að gera B. J. aðeins 80 kr. hærra útsvar en mér. Ef réttur og sanngirni ætti að ráða mundi hlutfallið milli útsvars okkar eiga að vera 4:1, þ.e. 400 kr. á honum, en 100 kr. á mér. Það væri að minnsta kosti ekki ofmikill munur.

Eg hlýt því að krefjast þess, að mitt útsvar verði fært niður um 70 kr. þ.e. niður í 100 kr., eins og eg krafðist í fyrra, þá er mér var gert 150 kr., og bæjarstjórnin tók til greina að nokkru leyti, þar sem hún lækkaði útsvarið um 20 kr. Jafnframt verð eg að krefjast, að útsvar Bjarnar Jónssonar Ísafoldarritstjóra verði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hækkað, að minnsta kosti um þennan 70 kr. svo að hann hafi 320 kr. Það getur sannarlega ekki minna verið, og lítil er mín það lyndi í þetta sinn. Eg skal geta þess, að útsvar B. J. (250 kr.) í samanburði við mitt (170 kr.) hefur vakið hneyksli meðal margra manna, og finnst mér, að nefndinni sé naumast sæmilegt af frá öðrum – þó að hún hlýtur að sjá hvað rétt er, þegar henni er rýnt þann á það – að færa ekki til að þoka útsvari B. J. neitt upp. Skelli hún skollaeyrunum við réttmætum kærum og kröfum um útsvarshækkun hjá þessum manni, þá kemst hún ekki hjá því almenningsáliti, að meiri hluta nefndarinnar skipi menn, er dragi taum þessa manns heldur um of og vilji hlífa honum á annara kostnað, sem þeim er svarað um, og væri það fallega gert, ef það væri gustukaverk. En það er lítt, ef hans hjartgæðin koma niður á öðrum.

Eg hef verið að velta því fyrir mér á hverju nefndin mundi byggja 40 kr. hækkun á mér frá því í fyrra. Naumast getur það verið vegna þess, að eg er nýfluttur í hús, sem eg hef keypt að nafninu hálft. Það þarf ekki mikil efni til að festa kaup á húsi hér í bænum. Það ætti nefndin líklega að vita. Og alls ekki getur það talist grúðahnykkur fyrsta árið. Mér er heldur ekki kunnugt um, að nefndin hafi tekið neitt tillit til þess við þessa niðurjöfnun, þótt menn eigi stórar húseignir og hafi átt þær lengi. Naumast getur hækkun nefndarinnar heldur stafað af því, að eg á þessu ári hef byrjað að kosta bróður minn við háskólann. Ekki veit eg heldur til, að mér hafi áskotnast neitt fé sérstaklega á þessu ári. Prentun í prentsmiðju minni hefur verið heldur minni þetta ár en í fyrra, og með því að reikna mér sjálfum ekkert fyrir umstang mitt og fyrirhöfn við prentsmiðjuna, get eg rétt að eins fengið vöxtu af því fé, sem eg hef varið til að kaupa hana og aðeins örlitlum hluta – ekki nándarnærri helming – árlegra skuldaafborgana, sem eg verð að greiða af prentsmiðjulánum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég gæti tekið útsvör margra annara gjaldenda en Bjarnar Jónssonar jafnhliða til samanburðar við mitt. En ég tel þess ekki þörf, enda er ósanngirnin einna skýrust hjá nefndinni gagnvart Birni og mér, af því að við rekum að sumu leyti sömu atvinnu. Og svo hefi ég áður fyr tekið mann þennan til samanburðar, en ávallt verið eins og klappað í steininn hjá nefndinni, ef minnst hefur verið á, að hækka hann. Þykir mér því nógu fróðlegt að vita, hvort nú verður sama uppi á teningnum eða ekki. Ef svo fer að þessi umkvörtun mín verður ekki tekin til greina, hlýt ég að snúa mér til bæjarstjórnarinnar til þess að vita, hvort þar sé heldur engan rétt að fá og vil ég því mælast til að fá staðfesta afskript af bréfi þessu til að láta það fylgja bréfi mínu til bæjarstjórnarinnar. Enda þótt það geti ekki haft nein áhrif á úrskurð bæjarstjórnarinnar mun ég naumast geta stillt mig um að minnast því á allra stærstu glompurnar og fjarstæðurnar í jafnaðarreikningum nefndarinnar, svo á meðal á hin einkennilega lágu útsvör sumra nefndarmannanna sjálfra, svona rétt til smekks fyrir bæjarstjórnina.

Virðingarfyllst

Hannes Þorsteinsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra ritstjóri Björn Jónsson
Reykjavík.

5. jan. 1903

Með því að Hannes ritstjóri Þorsteinsson hefir borið sig upp við niðurjöfnunarnefndina undan útsvari því, að upphæð 170 kr., er á hann var lagt í síðastliðnum nóvembermán., tekið yður sérstaklega til jafnaðarmanns og krafist þess, að sitt gjald verði lækkað en yður hækkað að sama skapi, þá hlýtur niðurjöfnunarnefndin að skora á yður að koma annaðhvort á fund, er síðar verður ákveðinn, til að svara þar þeim spurningum, er fyrir yður kunna að verða lagðar til skýringar á þessu máli, eða gefa nefndinni skriflega skýrslu um árstekjur yðar, efni og ástæður að öðru leyti. Sömuleiðis skorar nefndin á yður að leggja fram fyrir sig skýrslur um árstekjur kæranda og efnahag og kveða upp dóm yðar um álagning nefndarinnar á hann og yður.

./.

Skjal kæranda sendi eg yður hér með, en óska að fá það aftur svo fljótt sem auðið er.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BJÖRN JÓNSSON
RITSTJÓRI

Reykjavík 9. janúar 1903.

Virðuleg niðurjöfnunarnefnd hefir með heiðruðu bréfi 5. þ. m. sent mér æðilangt „skrif“ frá Hannesi nokkrum Þorsteinssyni hér í bæ, er mér skilst muni bera fram þá heita hjartans löngun sína og innilega bón, að þ. á. aukaútsvar mitt verði hækkað, en hans lækkað að sama skapi eða meir; og er mér sagt, að hann beri fyrir eigi síst þann hinn stórkostlega gróða, er eg hafi eða blað mitt á svonefndum stjórnarvaldaauglýsingum.

Virðulegri nefnd mun nú kunnugt vera, að sá gróði rennur nú fyrir rás viðburðanna eigi framar í minn vasa, heldur einmitt — kæranda sjálfs og eigi annarra, og mun henni þá einsætt þykja, að hækka beri hans útsvar sem þeirri gróðafúlgu svarar, en lækka mitt að sama skapi. Að öðru leyti treysti eg mér ekki til að gera nefndinni svo glögga grein fyrir árstekjum mínum, að hún verði nokkru nær eftir en áður, og tel það því betur ógjört látið.

Fylgiskjalið endursendist.

Virðingarfyllst
Björn Jónsson

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Hannes Þorsteinsson.**

Reykjavík 7. janúar 1903

Jafnvel þótt eg í bréfi mínu til niðurjöfnunarnefndarinnar 13. des. f. á. þættist hafa gert nokkurnveginn ljósa grein fyrir tekjum mínum, hefur formaður nefndarinnar munnlega skorað á mig að gefa nefndinni nánari skýrslu um það, og skal eg gjarnan verða við þeirri ósk hans. Eins og eg hef áður gefið upp við skattanefnd Reykjavíkur hafa tekjur mínar af Þjóðólfi næstl. 3 ár (1900–1902) verið að jafnaði um 2,200 kr. á ári að öllu meðtöldu, og tæplega það, ef kostnaðurinn við blaðið væri nákvæmlega reiknaður. Svo er prentsmiðjan. Næstl. 2 ár hef eg prentað í henni fyrir c. 3300 kr. hvort árið, auðvitað að Þjóðólfi meðtöldum. Vinnulaun hreint útborguð í peningum hafa verið c. 2,700 kr. hvort árið. Þar við bætist svo annar kostnaður til að reka prentsmiðjuna: hiti, ljós, renta, olía m. m. fl., er ekki hefur orðið minna en 300 kr. á ári, þótt ekkert tillit sé tekið til stílkaupa, mótors, sem eg keypti í haust o. fl. Afgangs verður þá um 300 kr., er mætti leggjast við hinar tekjurnar, þótt hreinar þessar gangi alveg upp í vexti og afborgun af prentsmiðjuláni mínu, sem upphaflega var 3000 kr. en er nú 1500 kr. Tekjur mínar má því í hæsta lagi reikna 2600 kr. á ári, og eru því í rauninni heldur minni.) Afgjaldið af hálfri jörð, sem öll er metin 27 hndr. getur naumast talizt. Aðrar fasteignir á eg ekki fyrir utan hálft húsið í Österstræti 3, en á þeim part hvíla nálega 5000 kr. skuld til útdeildarinnar. Nefndinni mun ennfremur kunnugt, að eg keypti [illegible] Kaup-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

námsbókum, annan dreng hér í skóla og systur hans er hér að öllu leyti á mínum vegum. Óski nefndin nánari upplýsinga um einstök atriði, er ég fús til að gefa þær munnlega á fundi, en líklega getur maður ekki tekið allt fram, er taka þyrfti, að því er kostnað við atvinnurekstur minn snertir. En réttari og sannari upplýsingar en þetta get ég ekki gefið, og færi ég meira að segja í strangan kostnaðarreikning, mundi mér veita einkarlétt að koma tekjum mínum niður í 2000 kr. og færa hin gildustu ómótmælanlegustu rök fyrir því.

Ég vona því að nefndin samkvæmt upplýsingum þeim, er hún nú hefur fengið taki kæru mína frá 13. des. algjörlega til greina, svo að ég þurfi ekki að rekast með þetta til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst

Hannes Þorsteinsson

+ þingsetukaup
sparisjóðsfé

Til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr. ritstj. Hannes Þorsteinsson
Reykjavík.

Njr. 11. jan. 1903.

Kæru yðar í bréfi, dags. 13. des.
f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa,
170 kr., er niðurjöfnunarnefndin hafði
í síðastl. nóvembermánuði gert yður að
greiða um árið 1903, lagði ég fyrir nefnd-
á fundi 2. þ. m. úrslitum þá frestað til fundar 10. þ. m., er
ina og var ~~hún rædd á tveim fundum~~
fengnar væri frá yður og jafnaðarmanni yðar, frekari
~~2. og 10. þ. m.~~ ~~ásamt síðara bréfi yðar til~~
er ~~upplýsingar~~ skýringar á þessu máli, [L] dags. 7. þ.
og þér komuð í bréfi dags. 9. þ. m.
m., ~~rædd á tveim fundum, 2. og 10. þ. m.~~

Nefndin athugaði vandlega rök-
semdir yðar, þær er þér berið fram í síðara
bréfinu, [L] og úrskurðaði, að eftir atvikum
og til að hliðra svo til við yður sem fram-
ast væri auðið, skyldi færa gjaldið niður
um 20 kr., úr 170 kr. í 150 kr., enda
þótt nefndinni þyki næsta ósennilegt, að
tekjur af blaði, sem kostar 4 kr. og af eru
prentuð að minsta kosti 2800 eintök og
hefir
~~flytur~~ miklar ~~auglýsingar~~ tekjur af aug-
lýsingum, skuli ekki gefa meira ~~tekjur~~
á ári,
af sér í hreinan ágóða en um 2,200 kr.;
þar sem prentun á blaðinu verður yður sér-
staklega mjög ódýr. Áætlun um tekjur af
slíku blaði sýnir, að óhætt muni að gera
ráð fyrir talsvert meiri ágóða, en þér viljið
telja nefndinni trú um, einkum þegar þess
er gætt, að stjórn öll á blaði yðar og reglu-
semi í útsending og innheimtu er að allra
dómi í bezta lagi, — vanhöld því tiltölu-
lega lítil. Yfirleitt ber nefndin svo gott
traust til blaðstjórnar yðar, að þér farið
svo skynsamlega að ráði yðar sem auðið er,
að hún getur með engu móti felt sig við að
leggja minna gjald á væntanlegan ágóða
af starfi yðar, en nú hefir hún gert,
og auk þess er nefndinni kunnugt, að

[L] því að á tíma fyrra er í því efni lítið sem ekkert að græða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þér hefðuð vel mátt telja talsverðar aukagetur af vísindalegum ritstörfum o.fl. En um hitt atriðið, tekjur yðar af prentsmiðjunni, vill nefndin ekki þrátta að sinni, ~~þar~~ einkum þar sem ~~hennar er kunnugt~~ hún þykist hafa sannanir, að prentsmiðja yðar tekur heldur minna fyrir prentun, en dæmi munu til hér í bæ sem stendur.

Eftir þeim árangri, sem orðið hefir af því að krefja fjárráðamann yðar, Björn ritstj. Jónsson, skýrslna um atvinnutekjur hans og aðrar ástæður, finnur nefndin að svo stöddu eigi ~~á~~ þörf að hækka útsvar á honum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12.

Gjald 20 Kr.
Lækkað um 2 Kr.

Til
Besta atvinna í sumar

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur Kaupstaðar

Með skjali þessu leifi ég mjer að bera mig upp undan auka útsvari minu sem er eptir efnum mínum og ástæðum langt of hátt, og geti ég ekki skilið í, eptir hvaða mælikvarða, að niðurjöfnunarnefndin hefur farið, þegar hún lagði á mig eignalausan mann 20 Kr. (tuttugu krónur).
Eptir að ég hefi farið yfir aukaútsvars skrá Reykjavíkur þá sé ég mjög marga menn sem hafi betri efni og ástæður en borga ýmist jafnt eða minna en ég,
til dæmis og samanburðar ætla ég að nefna hjer nokkra.
Guðni Þorláksson trésmið hann hefur haft miklu betri atvinnu en ég og borgar þó ekki nema 12 Kr. í jafnlangt síðan hann lauk nám
Björn Þorvarðsson trésmið hann hefur einnig haft betri vinnu en borgar þó ekki nema 16 Kr.
Sigurjón Ólafsson sem ~~heldur~~ ~~vinnustofu~~ með 2 lærisveinum borgar 20
Bogi Þórðarson trésmiðr sem auk stöðugrar atvinnu er vel efnaður maður borgar ekki nema 16 Kr.
Ennfremur ætla ég að leyfa mjer að tilnefna.
Verslunarm. Helgi Helgason sem hefur föst árslaun hærri en min óvissu erviðislaun og borgar þó ekki nema 15 Kr
sömuleiðis Ingvar Pálsson verzlunarm. er borgar 20 Kr.
Ennfremur leyfi ég mjer að tilnefna 2 menn er ekki borga ~~nokkra~~ nema 25 Kr. það er Helgi Thordersen efnaður maður sem hefur 2 vinnandi menn í þjónustu sinni. og ~~Jón~~
hinn maðurinn er Jón Reykdal málari það er maður sem hefur vinnu hvern einasta dag og aldrei tekur minna en 50 aura um tímann.
Ég þykist nú hafa tilnefnt nógu marga til þess að Niðurjöfnunarnefndin sjái að umkvörtun min er á rökum byggð og að auka útsvar mitt er allt of hátt ég leyfi mjer því að krefjast þess að aukaútsvar mitt verði fært niður um 8 krónur
En fremur ætla ég minna nefndina á að aukaútsvar mitt ~~árið~~ ~~sem~~ sem ég borgaði síðastliðið (1910) ár 16 Kr að upphæð var ekki rjett lagt á mig leyfi. þarsem ég kom ekki til bæjarins fyr en í okt. 1909 og byrjaði ekki að vinna fyrir eigin reikning fyr en um vorið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég ætla að vonast til að nefndin taki réttilega á málið og taki kröfu mína til greina

Vindingarfyllst[?]. 15 des 1902

Flosi Sigurdsson trésmiður

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkurkaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Flosi Sigurðsson trésmiður
Reykjavík.

6. jan. 1903.

Kæra yðar í bréfi, dags. 15. des. 1902, yfir aukaútsvari því, 20 kr., er yður var gert að greiða til bæjarþarfa árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.

Enda þótt nefndin geti eigi samþykkt þau ummæli yðar, að sumir af þeim mönnum, er þér nefnið til samanburðar við yður, hafi haft betri atvinnu í sumar en þér, því að það nær engri átt, en aðrir geta aftur eigi komið til greina í þeim samanburði, með því að ástæðum þeirra er alt annan veg farið en yðar, þá hefir nefndin þó viljað taka kröfu yðar til greina að nokkru leyti, mest fyrir þá sök, að þér eruð enn ungur maður og hafið unnið yður sjálfum skamma stund, og fyrir því úrskurðað, að gjald yðar skuli lækkað um 2 kr., úr 20 kr. í 18 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bjarnhéðinn Jónsson járnsmiður
Reykjavík.

Rvk. 6. jan. 1903

Kæru yðar í bréfi, dags. 19. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, 25 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m. og er nefndin hafði vandlega íhugað þetta mál, úrskurðaði hún að taka kröfu yðar til greina að því leyti, að færa gjaldið niður um 3 kr., úr 25 kr. í 22 kr., þar sem þér eruð nýtekinn til að vinna yður sjálfum — og því talsvert skuldugur, en efnahagur yðar mun þó vera sýnu betri en þeirra manna beggja, er þér berið yður saman við, en um þriðja manninn (Þ. T.) er það að segja, að hann er heilsulítill ómagamaður, sem ekkert má á sig reyna, og verður því að afla sér vinnukrafts dýru verði; hjá því eigi að miða ~~álagið~~ álögurnar eingöngu við efni hans frá fyrri tíð.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Gjald 25 kr.
Lækkað um 3 kr.

Reykjavík 19/12 – 1902

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

Hjer með vil jeg fara þess á leit við hina Heiðruðu Niðurjöfnunar nefnd, að hún lækki á mer aukaútsvarið mitt fyrir árið 1903, því það er fjærri öllum sanngirni, að borga 25 kr. þegar á efnahaginn og hvað leingi jeg hef rekið þessa atvinnu er litið. sem jeg efast um að þeir hafi gert í þetta sinn. þó að þeir geri það vist vanalega.

Til samanburðar vil jeg nefna Friðberg Stefánsson járnsmið fjelaga minn. það er ekki svo munur á kringumstæðum okkar. þar sem hann hefur sömu atvinnu og jeg

Enn fremur Gunnstein Tómasson járnsmið með einar 35. maður sem hefur smíðað fleiri ár og hefur góða atvinnu og 3 menn á verkstæði utan sjálfan sig, svo fjærði, og er það tölu verður munur eða vera einn: það er því í fyllsta máta ósanngjarnt að láta hann ekki hafa meira útsvar en 35 kr. til samburðar jeg með 25 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Helga Magnússon járnsmið get ég líka borið mig saman við. hann hefur mikið betri kringumstæður hvað efnahag snertir. ekki í neinum stór skuldum eins og ég. þetta er bara til að drepa á niður. Sem eru að byrja á að reka atvinnu hér í Reykjavík.

Virðingarfyllst

Bjarnhjeðinn Jónsson járnsmiður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14.

Gjald 35 Kr.

Lækkað um 5 Kr.

Reykjavik 22-12-2

Hjermed leyfi jeg mjer, að skrifa hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur, og lát hana jafnframt vita, að jeg er mjög óánægður með þá hækkun á útsvari minu, sem nefndin hefur gjert mjer; og leyfi jeg mjer því, að skýra nefndinni frá, að tekjur minar eru ekki hærri en 900-1000 Kr, og það miðað við síðastliðið ár, en miklu minni þegar litið er, að starfa, og litlar húsabyggingar, og vona jeg, að nefndin sjái, að það er ekki sanngjarnt að leggja 35 Kr aukaútsvar á þessa atvinnu i samanburði við aðra.
Jeg skal taka það fram, að jeg á engar fasteignir, og er sem sagt eignalaus maður, svo það er ekki hægt að leggja á neitt þesshattar.

Samvinnumaður minn, málari L. Jörgensen hefur jafn miklar inntektir og jeg, og hefur likar ástæður og jeg, nema hvað hann á húseign á góðum stað i bænum, og mun skulda mjög litið i henni, og þá hefur hinni heiðruðu nefnd ekki þóknast, að leggja á hann meira en 20 Kr.

Samkvæmt því, sem jeg nú hefi tekið fram, krefst jeg þess, að gjald mitt verði i það minsta lækkuð, og verði ekki sett hærra en L. Jörgensen.

virðingarfyllst.
Jens Lange. Málari

Til.
hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar i Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jens Lange málari
Reykjavík.

Rvík 6. jan. 1903.

Kæru yðar í bréfi, dags. 22. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m. og er nefndin hafði vandlega íhugað alla málavöxtu, sérstaklega ~~þá~~ skýrsluna um árstekjur yðar, er hún telur fara nær sanni, úrskurðaði hún að færa gjaldið niður um 5 kr., úr 35 kr. í 30 kr., en gat með engu móti tekið alla kröfu yðar til greina, þar sem jafnaðarmaður yðar er vitanlega heilsulítill maður með þrefalt meiri ómegð en þér.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15.

Gjald 80 kr.
Lækkað um 10 kr.

Af Niðurjöfnunarskránni hefi jeg sjeð að mjer einnig í ár er gjört að greiða í aukaútsvar 80 kr., en af því mjer finnst að útsvar þetta í samanburði við margra annara sje langt of hátt, leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að hún en á ný yfirvegi útsvar þetta og lækki það ofan í 40 kr. sem mjer finnst sennilegt á móts við aðra gjaldendur, og fyrra árs útsvar mitt, eða þá að hún á hinn bóginn hækki á þeim, sem jeg tek mjer til samanburðar; þannig að meira samrými og jöfnuður komist á.

Um mínar eigin ástæður ber þess fyrst að geta, að tekjur mínar í ár eru að minnsta kosti um 1000 kr. minni en síðastliðið ár, þar sem jeg þá hafði gott skip að færa og mjer gekk vel að afla, en jeg nú hinsvegar hef lítið annað en laun mín sem eru alls 840 kr. um árið að leggja mjer til lífsframfæris; þetta atriði vonaðist jeg eptir að nefndin hefði tekið tillit til, og þannig fundið ástæðu til að lækka útsvar mitt, þar sem mjer virðist að alls engin hækkun hafi átt sjer stað á útsvörum almennings.

Jeg er þess fullviss að margir álíta mig langtum efnaðri en jeg í raun rjettri er, og má vera að hin heiðraða nefnd einnig hafi þá skoðun; auðvitað á jeg hús það sem jeg bý í, þess utan á jeg litlar eigur sem teljandi sje, að minnsta kosti ekki meiri, jafnvel miklu minni en sumir sem gjört er að greiða langtum lægra útsvar en jeg.

Að öllu samanlögðu tel jeg eigur mínar ekki yfir 8 þúsund krónu ígildi, og gjörir ekki betur en duga rentan af þeim, ásamt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

laun mín, til að lifa sómasamlegu lífi af.

Þá sem jeg tek mjer til samanburðar eru:

1. Finnur Finsson skipstjóri, hann á nýlegt hús sem er virt á rúm 9000 kr. hálft þilskip sem er að minnsta kosti 10,000 kr. virði allt, og sjálfsagt talsvert lausafje þess utan, hefur aðeins eitt barn, en mjög arðsama atvinnu, þarsem hann hingaðtil hefir verið manna heppnastur að afla, og því einnig haft góðan hag af útgerðinni í ár, virðist mjer því vera talsverður mismunur á okkar ástæðum, en ~~honum~~ mjer þó gert að greiða jafnt útsvar og honum.

2. Jón Árnason verzlunarmaður hann á einnig nýlegt hús sem er talsvert meira ígildi en mitt, hefir litla ómegð, þar sem börn hans tvö eru uppkomin, en árslaun hans munu vera 1000 kr. virðist mjer því vera harla mikill mismunur á hans útsvari og mínu þar sem honum aðeins er gjört að greiða 25 kr.

3. Guðjón Sigurðsson úrsmiður.– Hann hefir nú í nokkur ár rekið að jeg hygg, mjög arðsama ogstóra verzlun, er einhleypur maður og hlýtur því að vera talsvert efnaður.– Að líkindum eru árstekjur hans af verzluninni margfaldar við mínar tekjur, en honum þó ekki gert að greiða meira útsvar en mitt.–

4. Kaupm. Kristján Þorgrímsson. Hann á stóra og vandaða húseign, sem sjálfsagt er miklu meira virði en allar eigur mínar tilsamans, þess utan á hann „Sauðagerði" sem sjálfsagt er fleiri þúsund krónu virði. ómegð hefir hann litla, þar sem tvö af börnum hans eru uppkomin, en aðeins eitt í ómegð. Tekjur hefir hann sjálfsagt margfaldar við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mig, þar sem þær bæði eru margvíslegar, og maðurinn óefað einhver hinn lægnasti á að skapa sjálfum sjer tekjur. En honum er aðeins gjört að greiða 35 kr. útsvar, þó nefndar maður sje. – Frá mínu sjónarmiði virðist mjer útsvar þess mans fremur of lágt þó það væri 200 kr. í stað 35 kr. á móts við útsvar mitt og flestra í bænum. – Eins og núna er þarf hann aðeins að „leika Komedíu“ í þrjú til fjögur kveld til þess að greiða útsvar sitt, – en allt mitt kaup í meira en mánuð þarf að ganga að öllu leiti til að greiða útsvar mitt. –

5. Verzlunarmaður Þorsteinn Guðmundsson. Hann á húseign sem að öllu jafnast á við mína, þess utan part í þremur þilskipum, og þannig að öllu samanlögðu miklu meiri eignir en jeg. Aðeins hefir hann eitt barn í ómegð, en hinsvegar mun árskaup hans vera að minnsta kosti 1200 kr., og þannig þriðjungi meiri tekjur en jeg, en er þó aðeins gjört að greiða 70 kr.

Að öllu samanlögðu, vona jeg að nefndin verði mjer samdóma um, að útsvar mitt hefir orðið of hátt í saman burði við þessa ofan og framangreindu gjaldendur – (og væri mjer ennfremur hægt að tilgreina marga fleiri til samanburðar) – og hún þannig sjái sjer fært að lækka útsvar mitt ofan í 40 kr., eða þá að öðrum kosti að hækka hæfilega á hinum gjaldendum, svo jöfnuður komist á, en verði það móti von minni ekki, vísa jeg máli þessu til æðra úrskurðar

Reykjavík 27. Desember 1902 Virðingarfyllst

Jóhannes Hjartarson

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Jóhannes Hjartarson verzlunarm.
Reykjavík.

6. jan. 1903.

Beiðni yðar í bréfi, dags. 27. des. þ. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.. Enda þótt þér farið mjög fljótt yfir sögu, er þér talið um efnahag yðar, nefnið að eins atvinnutekjurnar, er allir vita, hverjar eru, og eigi tjáir að leyna, en virðið sjálfur allar eigur yðar á einar 8000 kr. sem er litlu meira en það, er ætla má að þér hefðuð átt, áður en þér ~~kvæntust~~, fengað átthvort hið auðugasta kvonfang hér í bæ, þá hefir þó nefndin úrskurðað, eingöngu vegna þess, að atvinnutekjur yðar eru sem stendur fremur rýrar, að lækka gjaldið um 10 kr., svo að það verði 70 kr., en vill um leið láta þess getið, að hún telur ógerandi að taka kröfu yðar um meiri lækkun til greina, meðan þér sýnið eigi með órækum gögnum, að efni yðar sé eigi meiri en þér viljið telja nefndinni trú um. Meðan þér látið þetta ógert, verður allur samanburður yðar ~~á efnum~~ við aðra menn, að því er efni snertir, ~~algerlega gagns-laus~~ yðar málstað að engu haldi, enda mun nefndinni jafnkunnugt um efni þeirra manna, er þér nefnið, sem yður sjálfum.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16.

Gjald 15 kr.

Stendur.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að biðja hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að lækka aukaútsvar mitt úr 15 Krónum niður í 12 krónur eins og það var í fyrra. Tekjur mínar hafa ekki aukist neitt og eru aðeins 800 krónur, og vona jeg því, að hin heiðraða nefnd sjái, að það sje ekki rjett, að hækka gjald mitt.

Jeg leyfi mjer að taka til samanburðar Guðjón á Móbergi, sem nefndinni hefur þóknast að leggja á 10 Krónur, en hefur sömu ástæður og jeg og auk þess mun hafa jafnmiklar inntektir; ennfremur Hermann Einarsson á Brekku, sem nefndinni hefur þóknast að leggja á 8 krónur, en sem er ómagalaus, en tekur inn minnst 1000 krónur fyrir 2 drengi sína, sem annar vinnur í Ísafoldar-prentsmiðju, en hinn í verzlun H. Th. A. Thomsens.

Af framansögðu vona jeg, að nefndin sjái, að gjald það, sem lagt er á mig, er ofhátt í samanburði við þá, er jeg þegar hefi tilgreint og treysti því, að gjald mitt verði látið sitja við, er það var í fyrra, ~~nefnilega~~ 12 krónur.

Jeg vona, að ... 

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjái, að ástæður þær, er jeg hefi tilfært eru fyllilega á rökum byggðar.

Reykjavík 26. des. 1902.

Virðingarfyllst.

Þorleifur Þorleifsson

Stakkahlíð.

Til

niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Þorleifur Þorleifsson
Stekkahlíð.

6. jan. 1903.

Kæra yðar, dags. 26. des. f. á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 15 kr., er niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m. og er nefndin hafði vandlega íhugað alla málavöxtu, úrskurðaði hún, að gjaldið skyldi standa óbreytt, með því að gjaldið mætti í sjálfu sér teljast lágt og efnahagur yðar og aðrar ástæður mundu vera ~~[illegible]~~ heldur betri en hinna, er þér nefnið til samanburðar og nefndinni er fullkunnugt um.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17./ Gjald 100 kr.
Lokkið um 20 kr.

Reykjavík þ. 29. desember 1902.

Með því að háttvirtri niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hefur við síðustu niðurjöfnun þóknast að færa auka-útsvar mitt upp um helming eða úr 50 kr uppí 100 kr, þá finn jeg mig knúðan til að krefjast þess að nefndin færi útsvarið niður að miklum mun, þareð öll sanngirni mælir með því, eins og jeg mun leytast við að benda á, og leyfi jeg mjer að taka til samanburðar:

1. Nic. Bjarnesen verzlunarstjóra með 80 kr aukaútsvar, eptir því sem mjer hefur borist til eyrna mun hann hafa 2500 kr laun, auk þess fríann bústað sem líka má meta nokkurs, að sönnu hefur hann nokkurja ómegð, og finnst mjer því útsvar hans sanni nær.

2. Ólafur Ámundason verzlunarstjóri með 90 kr útsvar, mjer er að vísu ekki kunnugt um hvað mikið á þriðja þúsund kr. hann hefur í laun, en hitt veit jeg að hann hefur í allmörg ár haft þessa stöðu, líka hefur hann ókeypis bústað, en aðeins einn ómaga, og finnst mjer nefndin hafa verið all sanngjörn við hann.

3. Pálmi Pálsson kennari með 90 kr útsvar, hann mun hafa 2900 kr laun, auk þess ókeypis bústað og eldsneyti, hefur litla fjölskyldu og er álitinn efnaður maður, við hann virðist nefndin [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Kristján Þorgrímsson, kaupmaður, málaflutnings-
maður m. m. Um laun hans veit enginn með vissu, en
það hafa menn eftir honum sjálfum að skuldheimtan
ein gefi af sjer í meðalári 2000 kr. auk þess segja menn
ofnar og eldavjelar og önnur verzlunarvara, sem hann
selur gefi honum góðan arð, sem giska mætti á að
mundi nema 1000 til 1500 kr, auk allra annara smá inn-
tekta, hann er álitinn og mun vera stórefnaður maður,
en er látinn bera 35 kr. segi og skrifa þrjátíu og fimm
króna aukaútsvar, á því hneykslast allir, sem jeg hef átt
tal við, og það er ekki í fyrsta sinni að menn hafa rekið
augun í þennan ójöfnuð nefndarinnar.

5. Hannes Hafliðason skipstjóra mætti einnig nefna,
með 40 kr. útsvar, sem líka hneykslar menn hvað lítið er.
Hann er heppinn maður, fiskar með þeim beztu, vinnur
allan veturinn, á tvö stórhýsi hjer í bænum á beztu
stöðum, og part í þilskipi, auk annars.

Marga fleiri mætti taka til samanburðar, sem hafa
meiri laun en jeg, en miklu minna útsvar. Á skuldir
mínar lítur nefndin ekki þó þær sjeu rúmar 8000 kr
en á þær 1800 kr sem er umsamið kaup mitt leggur
hún 100 kr aukaútsvar, er það sanngjarnt? væri
ekki 60 kr sennilegt?

Virðingarfyllst
Hannes Thorarensen.

Til
niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Hannes Thorarensen verslunarstjóri
Reykjavík.

Rvík. 6. jan. 1903.

Enda þótt kæra yðar, dags. 29. des. f. á., ~~borist nefndinni~~ yfir aukaútsvari því, er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða um árið 1903, að upphæð 100 kr., bærist nefndinni eigi fyr en degi síðar, og því of seint að lögum, þá lagði eg hana þó fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m.

Nefndin hafði ætlast á, að þér munduð hafa ~~líkar~~ tekjur af atvinnu yðar á borð við þær, er fyrirrennari yðar hafði, og þá þótti nefndinni sanngjarnt, að þér greidduð 100 kr. í aukaútsvar, en nú hefir kæra yðar orðið til þess, að það mál hefir verið betur athugað, og hefir þá vitnast, að þér hafið 2000 kr. í ~~árstekjur og~~ atvinnutekjur, ~~eða~~ á að giska 600 kr. minna en hann, en ~~þessu~~ þess ber þó að gæta, að þér eruð talinn vel efnaður maður, þrátt fyrir skuld þá, er hvílir á húseign yðar, og hafið litla ómegð. Fyrir þessar sakir þótti nefndinni rétt að taka kæru yðar til greina og úrskurðaði, að gjaldið skyldi færa niður um 20 kr., úr 100 kr. í 80 kr.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

Gjald 50 kr.

Stendur.

Landakot, d. 30. December 1902.

Den ærede Ligningskommission vil undskylde, at jeg fremkommer med en Klage over, at Skatten for mit Vedkommende er bleven fordoblet. Grunden hertil forstaar jeg ikke; thi har den ærede Kommission taget Hensyn til mig personlig, saa erklærer jeg herved, at mine Indtægter ikke ere forögede med en Øre. Tager Kommissionen derimod maaske Hensyn til Ejendommens Forbedring (Tunsletningen), saa maa jeg sige, at det er lidet opmuntrende, naar Skatten forhöjes, ja fordobles allerede paa et Tidspunkt, hvor Udgifterne langt overgaa den forögede Indtægt.

Skulde den ærede Kommission önske mere detaillerede Oplysninger, er jeg gerne til rede til at give dem.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I det jeg beder den ærede Kommission om at tage Hensyn til min Klage, tegner jeg

Med særdeles Højagtelse

Ærbödigst

P. Schreiber
Præst.

Til
Ligningskommissionen
Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra prestur J. Schreiber
í Landakoti.

6. jan. 1903.

Þér hafið með bréfi, dags. 30. des. f. á., og því 2 dögum eftir það, er lögheimilaðar ~~kær~~ frestur var útrunninn, kært fyrir niðurjöfnunarnefndinni útsvar það, er yður var gert að greiða um árið 1903. Engu að síður lagði eg bréf yðar fram á fundi nefndarinnar 2. þ.m. og þótti nefndinni ~~að~~ kæra yðar ekki eiga við gild rök að styðjast, þar sem þér, auk presttekna yðar, hafið eitthvert hið stærsta og blómlegasta kúabú hér í bæ, er hlýtur að geta borið talsvert álag. Í fyrra var gjald yðar til bæjarþarfa að vísu helmingi lægra en nú, enda var það þá að eins lagt á presttekjur yðar og sett mjög lágt, svo að eigi mátti ~~gjöri~~ með sanngirni ~~á því fundið~~ staðhæfa, að gengið væri á hluta yðar, en nú hafið þér um stund haft mikið og gott bú, sem eigi varð lengur hjá komist á að leggja ~~[illegible]~~ nokkurt gjald, ef nefndinni skyldi eigi með sönnu brugðið um herfilega rangsleitni og ójöfnuð við aðra menn hér í bæ, er eingöngu lifa þessa atvinnu til framfærslu sér og sínum — og bera nær helmingi hærra gjald til bæjarþarfa af atvinnu sinni, en lagt var á yður í þetta sinn, og það jafnvel þótt þeir hafi fjölskyldu fram að færa. Vér vitum með vissu, að þér viljið með engu móti eggja nefndina fremur en aðra menn til ójafnaðar, og væntum þess, að er þér athugið betur alla málavöxtu, þá munið þér sjá, að nefndin hafi ekki verið harðdræg við yður í þetta sinn.

L biskup

Af téðum rökum úrskurðast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndin, að gjald yðar skyldi standa óbreytt.

Þessi úrslit tjái eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

Að endingu skal þess getið, að rétt mun vera og óhjákvæmilegt að leggja nokkurt gjald til bæjarþarfa á trúboðs-stofnunina í Landakoti (skóla, spítala o. s. frv.) og má vera, að réttast ~~láta~~ væri að láta gjald það, er hlýtur að hvíla á nytjum jarðarinnar, færast yfir á þann lið. Væri gott að fá að heyra skoðun yðar á því máli, ~~fyrir~~ áður en aukaútsvörum verður jafnað niður í næsta skifti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Gjald 30 kr. Standur.

Lagt á báða bræðurna Sigr. og Jón. Jón nú kominn til heilsu.

til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur

Hjer með sendi jeg þess línur til þess að láta vita að mjer þikir það aukaútsvar sem á mig hefur verið lagt fyrir árið 1903 of hátt þar sem jeg er orðinn svona fullorðinn og get ekki unnið alla vinnu fyrir fótunum þá finzt mjer ekki þetta gjald geta staðið í neinu sambandi við það gjald sem sumir hafa með líkum vinnu-afla og ástæðum.

Þó að þarfir bæarins aukist þá hefur ekki verið hækkað hjer á mönnum sem hafa gengið að sömu atvinnu og jeg og hafa líkar ástæður því fyrir nokkrum árum var hækkað á mjer um 7. kr. og nú um 5 kr. eða á þessu tímabili veit jeg ekki til að það hafi verið hækkað á mönnum við sömu efni og ástæðum en það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hef jeg sjeð að það hefur verið lækkað á sumrum. nema að það sje af því að jeg er að byggja en þó jeg tilgreind tjer engan þá hugsa jeg að yður sje þá eins ljóst og mjer

Virðingarfyllst

Reykjavík 29/12 – 1902

Steingrímur Jónsson

Sólskól

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Steingr. Jónsson
í Sölfhól

Rvík. 6. jan. 1903.

Kæru yðar í bréfi, dags. 29. des. f. á. yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, er niðurjöfnunarnefndin hafði gert yður að greiða árið 1903, lagði eg fram á fundi nefndarinnar 2. þ. m., þótt hún væri of seint rituð og borist því nefndinni eftir lögákveðinn eindaga.

Nefndin var ekki á sama máli, sem þér, að útsvar það, 30 kr., er á yður var lagt, væri of hátt, þar sem atvinnutekjur yðar eru sæmilegar og efnahagur yðar í góðu lagi, enda er ekkert útsvar lagt á þann bróður yðar, sem nú er kominn til heilsu og getur því borið einhvern hluta af þessu gjaldi eftir ~~samkomulagi~~ við yður. Þér munuð kannast við, að ~~þessi tilhögun á álagning útsvarsins var einmitt~~ fyrir nokkrum árum mæltust þér til, að álagningu aukaútsvarsins væri þannig hagað, gjaldið lagt á yður báða í einu lagi ~~[illegible]~~ ⌐ þér hafið ekki látið[2] í ljós[1] í tæka tíð, ~~að þessari aðferð~~ að þér óskuðuð, að þessari aðferð væri breytt. Af þessum sökum úrskurðaði nefndin, að gjaldið skyldi standa óbreytt.

⌐ þ. e. sameignarbú yðar beggja og þér talinn fyrir því; þér megið því sjálfum yður um kenna, að þessu er svona varið, þar sem

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/

Hækkað um 2 kr.

Reykjavík 27. Des. 1902.

Eg sé af niðurjöfnunarskránni að mér er gjörður 10 kr. í auka-útsvar. Með því að eg er á þann hátt sviftur kosningarrétti til alþingis óska eg að útsvar mitt verði hækkað upp í 12 kr. svo að eg missi ekki þess réttar.

Virðingarfyllst

Friðrik Ólafsson

næturvörður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Friðrik Ólafsson næturvörður
Reykjavík.

6. jan. 1903.

Á fundi niðurjöfnunar-nefndarinnar, er haldinn var 2. þ. m., var aukaútsvar yðar um árið 1903 hækkað um 2 kr., svo að það verður nú samtals 12 kr., samkvæmt ósk yðar í bréfi, dags. 27. des. f. á.

Þetta tilkynni eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21.

Gjald 16 Kr.
Lækkað um 4 Kr.

Hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd hefur við niðurjöfnun aukaútsvara hjer í bænum gjört mjer að greiða aukaútsvar næsta ár, 1903, að upphæð 16 krónur, og með því að upphæð þessi er allt of há í samanburði við útsvör ýmsra annara leyfi jeg mjer að fara þess á leit, að útsvarið verði lækkað um 6 kr.

Menn þeir, er jeg sjerstaklega tek til samanburðar eru Guðmundur Guðmundsson, Klapparstíg 9. og Guðmundur Árnason Lindarbrekku. Hjá hinum fyrnefnda er útsvarið 12 kr., en hinum síðarnefnda 14 kr. — Hinn fyrgreindi hefur að eins eitt barn stálpað og hafa þau hjón bæði verið í kaupavinnu á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sumrin. Hann á húseign sem er
ca. 900 kr. virði og á því hvílir
að eins 370 kr. skuld.
Guðmundur Árnason hefur engan
ómaga og á allmikil efni. Þann-
ig hefur hann keypt hálfa húseign-
ina Lindarbrekku og á töluvert
lausafje, sem hann þurfti eigi
að verja til húskaupanna. Jeg
skal t. d. nefna hrossaeign hans,
sem mun vera eigi minni en
hjá meðalbónda í sveit.
Jeg hef aptur á móti ungbarn, árs-
gamalt, og er kona mín bundin
árið um kring við umönnun á því.
Við eigum ekkert skýli yfir okkur
og verðum að leigja okkur húsnæði.
Atvinna mín er rýr, að eins kaupa-
vinna að sumrinu. Eigur mínar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eru sáralitlar og hafa fremur
rýrnað en aukist síðan jeg flutt-
ist hingað.

Jeg vona nú að hin háttvirta
nefnd líti á það sem hjer er
tekið fram, og lækki útsvar
mitt, eins og jeg fer fram á.

Reykjavík, Litlasteinsholti 20. des. 1902.

Virðingarfyllst

Magnús Þorsteinsson
(áður á Laugavegi 35.)

(Áður á Kröggólfsstöðum í Ölvesi)

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Magnús Þorsteinsson
Litla Steinsholti.

Rvík. 6. jan. 1903.

Kæru yðar, ~~yfir aukaútsv~~ dags. 20. des. f.á., yfir aukaútsvari því til bæjarþarfa, að upphæð 16 kr., sem niðurjöfnunarnefndin gerði yður að greiða um árið 1903, lagði eg fyrir nefndina á fundi hennar 2. þ.m.; félst nefndin á að færa gjaldið niður um 4 kr., úr 16 kr. í 12 kr., einkum vegna þess, að atvinna yðar mun að undanförnu hafa verið fremur rýr og hagur yðar því í bráð eigi sem beztur.

Þessi úrslit birti eg yður að fyrirlagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjaldið gefið upp.

Eptir að jeg, sem um mörg undanfarin ár hefi búið á Skaptholti á Seltjarnarnesi, hafði í vetur er leið misst minn ástkæra eiginmann, Gunnlaug Jónsson, fór jeg eptir nýárið til kunningjafólks míns að Skipholti í Reykjavík, og ætlaði að dvelja þar til vorsins, til þess að ljetta mjer sorg mína og söknuð, en fara síðan aptur að Skipholti og halda búi mínu þar áfram. En til þess að jeg þennan tíma hefði sjálf aðsetursleyfi í Reykjavík, ljet jeg fyrir annara áeggjun sækja um húsmennskuleyfi fyrir mig undir mínu nafni, og með brjefi bæjarfógetans, dags. 8. jan. þ. á. var mjer tilkynnt að mjer væri það veitt.

Þegar jeg svo hafði dvalið í Reykjavík seinni hluta vetrarins, fór jeg með vorinu aptur heim í bæ minn Skaptholt, til þess að annast hann og lóðarblett þann, sem honum fylgir, og búa þar framvegis, og þar af leiðandi hlýt jeg að borga sveitarútsvar til Seltjarnarneshrepps þetta ár, eins og að undanförnu, og framvegis.

Nú hefi jeg frjett að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur hafi á auka-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niðurjöfnunarskrá lagt á mig 5 króna auka-
útsvar til bæjarsjóðs, sem er eðlileg afleiðing
af því, að mjer í vetur var veitt hið framan-
greinda tómthúsmennskuleyfi, sem jeg, því miður,
ekki hafði athugað að gefa hinni háttvirtu
niðurjöfnunarnefnd til kynna að jeg ekki hefði
getað hagnýtt mjer.

En af því að jeg dvaldi í Reykjavík að eins
seinni hluta síðastliðins vetrar, eins og nokk-
urskonar gestur, án þess að hafa þar neina
atvinnu eða störf á hendi, og á eins eptir
sem áður heimili á Skaptholti, leyfi jeg mjer
hjer með virðingarfyllst að fara þess á leit við
hina háttvirtu Niðurjöfnunarnefnd að hún láti
ofannefnt 5 króna bæjargjald mitt algjörlega
falla niður, og burtnemast af aukaniðurjöfnunar-
skránni.

Skaptholti á Seltjarnarnesi, 27. júlí 1903.

Virðingarfyllst.

Jórunn Guðmundsdóttir.

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Albert Þórðarson bókhaldari
Reykjavík.

Njr. 6. jan. 1903.

Samkvæmt kröfu yðar, er fram var borin fyrir yðar hönd af einum nefndarmanni á fundi nefndarinnar 2. þ. m., var lagt á yður aukaútsvar til bæjarþarfa um árið 1903 að upphæð 20 kr.

Þetta tilkynni eg yður að fyrir lagi nefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur